

Årsskýrsla 2004



EFNISYFIRLIT

- 6** Starfsemin
- 7** 2004 í stuttu máli
- 8-9** Ávarp stjórnarformanns
- 10-11** Ávarp forstjóra
- 12-13** Fréttir 2004
- 16-19** Afkoma ársins 2004
- 22-23** Sölu- og markaðsstarf
- 24-25** Vöruþróun
- 26-27** Framleiðsla
- 28** Marel og samfélagið
- 29** Mannauður
- 30-31** Stjórn Marel samstæðunnar
- 32-33** Hlutabréf og hluthafar
- 33** Stjórnarhættir félagsins
- 36-37** Áritun stjórnar og forstjóra
- 38** Áritun endurskoðenda
- 39** Kennitölur
- 40** Rekstrarreikningur
- 41** Efnahagsreikningur
- 42** Yfirlit breytinga á eigin fé
- 43** Sjóðstreymi
- 44-49** Reikningsskilaaðferðir
- 50** Fjárhagsleg áhættustjórnun
- 51-60** Skýringar



ÁRSSKÝRSLA 2004

STARFSEMIN



Marel samstæðan er í fararbroddi í þróun og gerð hátæknilegra matvinnslukerfa fyrir heimsmarkaðinn. Samstæðan hefur ætíð haft það að leiðarljósi að vera fremst í flokki við hönnun og framleiðslu viktar- og flokkunarbúnaðar, tölvustýrðra skurðarvéla og tilbúinna vinnslulausna með fullkomnum rekjanleika.

Áreiðanleiki og gæði hefur alla tíð skipt sköpum fyrir starfsemi samstæðunnar. Árið 1997 fékk Marel hf. ISO 9001 vottun fyrir gæðakerfi sem nær yfir vöruþróun, sölu, framleiðslu og þjónustu við viðskiptavini.





Framtíðarsýn Marel er að vera í fararbroddi á alþjóðamarkaði í þróun og markaðssetningu hátæknibúnaðar fyrir matvælaíðnað og auka þar með framleiðni viðskiptavina fyrirtækisins

Forysta okkar er ekki sjálfgefin. Fyrirtækin og fólkid innan samstæðunnar leggur sig fram um að halda forystunni. Við njótum þeirrar forystu vegna þess að metnaður okkar og markmið fer saman við fagmennsku og óhemju dugnað. Vinnsluaðilar um allan heim hafa notið góðs af framleiðslu okkar og hvort sem um er að ræða smávægilegar betrubætur á framleiðsluháttum eða meiriháttar tilbúnaðar vinnslustöðvar sem leysa viðamikil og flókin verkefni, þá er fagfólk okkar ákveðið í því að ná sem bestum árangri fyrir matvinnslufyrirtækin.



2004 Í STUTTU MÁLI

- Árið 2004 var besta rekstrarárið í sögu Marel samstæðunnar
- Sala ársins var 112,3 milljónir € og jókst um 6% frá fyrra ári
- Rekstrarhagnaður EBIT var 10,6 milljónir €
- Hagnaður ársins nam 6,6 milljón €
- Hagnaður á hlut var 0,0282 €
- Handbært fé frá rekstri var 10,6 milljónir €



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Marel er í forystusveit þeirra fyrirtækja hér á landi sem hafa náð umtalsverðum árangri á alþjóðamarkaði og er nú í fremstu röð á sínu sviði í heiminum. Rætur fyrirtækisins má rekja til ársins 1977, fyrir tæplega þrjátíu árum, þegar tveir sérfræðingar við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands hófu að gera rannsóknir á því hvort nýta mæti örtölvutækni til að bæta framleiðni í fiskvinnslufyrirtækjum. Reksturinn var erfiður framan af og það var ekki fyrr en í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar að segja má að félagið hafi náð fötfestu og byrjað þá sókn sem einkennt hefur reksturinn síðan.

Góður árangur byggist á mörgum samverkandi þáttum

Það eru margir samverkandi þættir sem skýra góðan árangur Marel og af því má draga mikilsverðan lærdóm. Í fyrsta lagi spratt Marel upp úr rannsóknum í háskóla þar sem saman fór skilningur á tæknimöguleikum annars vegar og sjávarútvegi hins vegar. Í öðru lagi hafa starfað hjá félaginu vel menntaðir og dugmiklir starfsmenn sem hafa ætíð haft óbilandi trú á möguleikum félagsins. Í þriðja lagi komu öflugir fjárfestar að félaginu, þegar knýjandi þörf var fyrir fjármagn og kjölfestueigendur, sem voru tilbúnir að styðja við uppbyggingu félagsins. Að lokum hafa stjórn félagsins og stjórnendur ætíð unnið vel saman að stefnumörkun félagsins og hafa af varfærni, en ákveðinni festu, þróað félagið áfram í að verða alþjóðlegt hátækniyrirtæki sem þróar og framleiðir tæki, hugbúnað og lausnir fyrir matvælaíðnað hvort sem er á sviði sjávarfangs, kjöt- eða kjúklingavinnslu.

Innri og ytri vöxtur mun auka verðmæti félagsins

Vöxtur félagsins byggist bæði á innri vexti og ytri vexti með kaupum á öðrum fyrirtækjum á svipuðu sviði. Móðurfélagið Marel leiðir áfram stefnumörkun samstæðunnar, en dótturfélagin Carnitech, Póls og CP Food hafa undir merkjum Partners in Processing starfað að sumu leyti á sérhæfðum sviðum tækjaframleiðslu. Það er og hefur verið stefna Marel að fjárfesta eingöngu í traustum og fjárhagslega sterkum fyrirtækjum og á þeim sviðum sem falla vel að framtíðarsýn og stefnumörkun félagsins. Það sjónarmið er einnig haft sterkt í huga að fjárfestingar í vöruþróun eða í öðrum fyrirtækjum auki verðmæti eignarhluta hluthafa félagsins.

Stjórnendur láta ekki mótbyr stöðva sig

Það hefur orðið umtalsverður viðsnúningur og fjárhagslegur bati í rekstri Marel á árunum 2003 og 2004 og hefur gengi hlutabréfa félagsins hækkað umtalsvert. Tiltrú markaðarins hefur aukist og sífellt fleiri eru að átta sig á því að félagið er að ná viðvarandi góðum árangri í rekstri og markaðsstaða þess er orðin mjög sterk á alþjóðamarkaði. Erfið umhverfisskilyrði þar sem gengi íslensku krónunnar hefur styrkst verulega og samdráttur í fjárfestingum á sviði tæknibúnaðar fyrir matvælaíðnað hefur sett mikla pressu á stjórnendur félagsins. Stjórnendum hefur með aðdáunarverðum hætti tekist að auka hagræðingu í rekstri, styrkja samkeppnisstöðuna og ekkert hefur verið slakað á í vöruþróun. Það skýrir bættu framlegð af rekstrinum og að tekist hefur að ná viðunandi árangri í rekstri.

Skilningsleysi á mikilvægi hátækniíðnaðar er áhyggjuefni

Það hefur ekki ríkt nægur skilningur á Íslandi á mikilvægi og möguleikum hátækniíðnaðar og þessari atvinnugrein eru ekki búin jafn góð skilyrði og ýmsum öðrum t.d. stóriðju. Hjá Marel starfa liðlega 800 manns í 5 heimsálfum, þar af um 300 hér á landi. Þetta eru almennt vel menntaðir starfsmenn á góðum launum. Fyrirtækið og starfsmenn þess eru að skila miklum virðisauka til þjóðfélagsins og mikilvægi Marel í því samhengi er mun meira en meðalstórs álvers. Það er því kaldhæðnislegt að á sama tíma og verið er að auka skuldir þjóðarinnar umtalsvert vegna fjárfestinga í orkufrekum iðnaði, auka viðskiptahalla og styðja við þá starfsemi með margvíslegum hætti og sérstakri löggjöf, þá munu atvinnutækifæri í hátækniíðnaði eins og hjá Marel vaxa fremur erlendis en hér á landi. Hættan er sú að þau störf komi ekki til baka. Á sama tíma og við veikjum stöðu útflutningsgreinanna og aukum viðskiptahallann, flytjum við inn lítt menntað vinnuafli til að starfa við stóriðjufyrirtæki. Þetta er áhyggjuefni, ekki endilega fyrir Marel, því félagið mun geta aukið starfsemi sína erlendis, en þetta hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir stjórnvöld ef þau vilja almennt styðja við og auka hátækniíðnað og atvinnustig á Íslandi.

Porkell Sigurlaugsson, stjórnarformaður



Framtíð Marel er björt

Það er stefna stjórnar Marel að félagið vaxi umtalsvert á næstu árum og það styrki enn frekar leiðandi stöðu sína á alþjóðavettvangi. Jafnframt er það markmið að afkoman verði góð og að jafnaði ekki lakari en það sem við höfum séð undanfarin misseri. Framtíð Marel er björt, en reynslan sýnir okkur þó, að ávallt eru nokkrar sveiflur í rekstrinum í takt við fjárfestingar og rekstrarstöðu viðskiptavina Marel á hverjum tíma.

Ég vil þakka samstjórnarmönnum mínum, forstjóra og öllum samstarfsmönnum innan Marel fyrir gott samstarf og vel unnin störf. Hluthöfum vil ég þakka fyrir mikinn stuðning við félagið og viðskiptavinum fyrir þá hollustu sem þeir hafa sýnt félaginu. Ég er sannfærður um það að Marel mun á næstu árum verða eitt af atkvæðamestu fyrirtækjum Íslendinga á alþjóðamarkaði. Vonandi munu efnahagsforsendur og rekstrarskilyrði hér á landi verða með þeim hætti að félagið sjái sér hag í því að hafa umtalsverðan rekstur á Íslandi og það skili sér í auknum hagvexti og hagsæld fyrir Íslendinga.

Porkell Sigurlaugsson
stjórnarformaður

A handwritten signature in blue ink that reads "Porkell Sigurlaugsson". The signature is written in a cursive, flowing style.

FRÁ FORSTJÓRA

Rekstur

Árið 2004 reyndist besta rekstrarárið í sögu Marel samstæðunnar og einbeitti samstæðan sér að því að auka arðsemi og minnka framleiðslukostnað með því að samræma og staðla framleiðsluvörurnar og ástunda sparnað í innkaupum. Áframhaldandi fjárfesting í innri vexti samstæðunnar miðaði að öflugri vöruþróun og að því að efla sölu- og markaðstarf.

Tækifæri til stækkunar fyrirtækisins fékkst með kaupum á tveimur nýjum fyrirtækjum árið 2004. Þetta eru fyrirtækin Póls á Íslandi og hluti af starfsemi þýska fyrirtækisins Röscherwerke GmbH, en sá hluti sem keyptur var starfar undir vörumerknu Geba. Bæði þessi fyrirtæki framleiða vörur sem falla vel að framleiðslulínu Marel samstæðunnar. Samlegðaráhrif samrunans hafa skotið stöðum undir útgjalda- og tekjuhlíð starfseminnar.

Markaðir

Aðalmarkaðir Marel samstæðunnar hafa verið í Norður-Ameríku og Evrópu og árið 2004 var unnið að því að efla starfsemina á þeim mörkuðum. Jafnframt var gert átak í því að stækka markaðinn með því að auka starfsemina á mikilvægustu og mest vaxandi mörkuðum í Austur-Evrópu, Suður-Ameríku, Asíu og Ástralíu en þarna leynast margir möguleikar fyrir lausnir samstæðunnar. Í Chile var sett á laggirnar dótturfyrirtæki Marel í því augnamiði að efla hinn vaxandi markað í Suður-Ameríku.

Þrátt fyrir að fiskiðnaðurinn í Norður-Atlantshafi, einkum þó rækjuvinnslan, drægi ögn úr fjárfestingum og eins alifuglaframleiðendur í Asíu, tókst samstæðunni samt að ljúka mikilsverðum samningum við marga helstu fisk-, kjöt- og alifuglaframleiðendur heimsins. Þessir stóru samningar um vinnslulausnir eru árangur langvarandi sölu- og markaðsátaks sem skilað hefur samstæðunni bestu afkomu á ársgrundvelli fram til þessa.

Viðskiptavinir

Marel samstæðan er í nánú samstarfi við matvinnslufyrirtæki í öllum heimshornum við að finna bestu mögulegu lausnirnar á mismunandi vinnsluþörf. 21 fyrirtæki af 23 stærstu sjávareldisfyrirtækjunum eru í viðskiptum við okkur og sömu sögu má segja um bolfskivinnsluna. 42 af 50 fremstu kjöt- og alifuglaframleiðendum í heiminum eru viðskiptavinir okkar.

Náið samstarf við viðskiptavini skiptir meginmáli þegar unnið er að nýjum lausnum og samstæðan gætir þess að fylgjast vel með nýjustu straumum og stefnum í hverjum iðnaðargeira fyrir sig. Viðskiptavinir okkar verða að bregðast við breyttum kröfum viðskiptavina sinna og Marel samstæðan fylgist vel með þeim hræringum öllum. Samstæðan vinnur ekki einvörðungu að því að leita nýrra lausna fyrir viðskiptavini sína, heldur er einnig, sem ekki er minna um vert, mikil áhersla lögð á það að aðstoða viðskiptavinina við að ná fram sem mestri arðsemi með því að auka afrakstur, afköst og skilvirkni fyrirtækja þeirra.

Til að auka þjónustu við viðskiptavini kom samstæðan á fót Partners in Processing - áætlunina árið 2004 en sú áætlun er fyrst og fremst hugsuð til þess að hagnýta allar þær heildarlausnir sem fyrirtæki Marel samstæðunnar hafa á boðstólum. Þessi áætlun hefur þegar orðið til þess að heildarvöruframboð Marel samstæðunnar er nú betur þekkt en áður.

Vöruþróun

Ef tryggja á góðan árangur starfseminnar er afar mikilvægt að standa að framsækinni vöruþróun. Á hverju ári ver Marel samstæðan 6-7% tekna sinna í vöruþróun í því skyni að efla forystu sína á markaðinum og sinna þörfum viðskiptavina sinna.

Árið 2004 var kynntur fjöldi nýrra vöruhegunda sem allar vöktu mikla athygli. Þar ber helst að nefna nýja kynslóð tölvustýrðra skurðarvéla IPM III sem eru hannaðar til að búta stór kjötstykki og aðrar fyrirferðarmiklar afurðir af meiri nákvæmni og með betri afköstum og nýtingu en áður var mögulegt. Nýjar flæðilínur og rekjanleg kerfi fyrir alifugla- og kjötiðnaðinn áttu góðu gengi að fagna því að kröfur um rekjanleika afurðanna eru orðnar mjög áriðandi fyrir framleiðendur á þessum sviðum. Árið 2004 voru líka aðferðir við beinhreinsun fyrir bolfsk og laxfiska þróaðar enn frekar og nýr hugbúnaður kynntur.

Hörður Arnarson, forstjóri



Samstæðan merkti líka að vaxandi tilhneigingar gætti innan kjötiðnaðarins til að finna ítarlegri vinnslulausnir fyrir kjötvinnsluna og í því skyni var hrundið af stað starfsemi sem þróar og framleiðir vélabúnað og vinnslulínur fyrir hamborgara, hakk, salami og pylsur. Þetta varð fljótlega einn af vaxtarbroddunum fyrir starfsemi hluta samstæðunnar.

Samstæðan kom einnig fram með nýjar gerðir af gæðaskoðunarkerfum sem byggjast á hátæknilegri röntgen- og skjámyndatækni. Sensor X QA kerfið var aukið og aðlagð þörfum alifuglavinnslunar til beinagreiningar og nýtt Qvision gæðamatskerfi var þróað. Hugbúnaðarþróun var styrkt og eflid og nokkrar nýjar einingar voru kynntar árið 2004 og ber þar hæst nýju Marel hugbúnaðareininguna, MPS QC-hugbúnaðinn sem hægt er að nota sem gæðamatskerfi fyrir fisk, kjöt og alifugla.

Eitt af ætlunarverkunum árið 2004 var að stuðla að vörustöðlun og reyndist sú ráðstöfun gefast mjög vel við að auka afköst og minnka framleiðslukostnað auk þess sem það styrkti samkeppnistöðu samstæðunnar.

Samstæðan rekur skilvirka stefnu í einkaleyfismálum í þeim tilgangi að tryggja stöðu sína sem aðal frumkvöðull hátæknilegra lausna fyrir fullvinnsluina. Það er stefna samstæðunnar að vernda hugverkarétt sinn og þær sérstöku lausnir sem verða til innan samstæðunnar við þróunarstarf hennar. Sótt var um átta einkaleyfi árið 2004.

Hlutabréfaþróun

Eitt af aðalmarkmiðum fyrirtækisins er að hámarka hlutabréfaverð samstæðunnar. Verðmæti hlutabréfanna jókst um 80% árið 2004 sem er áframhald af þeirri ágætu 54% hækkun sem varð árið 2003.

Veltuhraði hlutabréfa félagsins hjá Kauphöll Íslands var 69% árið 2004. MP – fjárfestingarbankinn sér um viðskiptavaktina sem hefur leitt af sér minna verðbil og líflegri viðskipti með bréfin. Meðal dreifing árið 2004 var 0,96%

Arðgreiðslur

Marel samstæðan greiddi 15% arð af nafnverði hlutafjár árið 2004. Stærsta hluta hagnaðarins var varið til að fjármagna vöxt samstæðunnar, þar með talinn framtíðarvöxt sem fæst með vöruþróun og markaðsstarfi. Marel samstæðan mun halda áfram að nýta sér þá vaxtarmöguleika sem gefast.

Horfur

Verkefnastaða samstæðunnar í lok árs 2004 nam alls 19 milljónum evra samanborið við 9 milljónir í upphafi árs. Öflug vöruþróun og uppbygging markaðskerfis á undanförunum árum hefur skilað fyrirtækinu sterkri samkeppnisstöðu. Horfur á helstu mörkuðum félagsins eru ágætar um þessar mundir.

Gengisþróun gjaldmiðla undanfarna mánuði hefur aftur á móti verið félaginu óhagstæð. Styrking íslensku krónunnar veldur hækkun á íslenskum kostnaði félagsins og veiking dollars gagnvart evru veldur lækkun á tekjum. Einnig hafa olíuverðshækkanir valdið hækkun á ýmsu hráefni sem fyrirtækið notar, einkum á plastefnum og ryðfríu stáli. Enn eru möguleikar á að ná aukinni framleiðni og lækkun á rekstrarkostnaði með áframhaldandi áherslu á aukna stöðlun á vörum fyrirtækisins svo og aukið hagræði í innkaupum.

Hörður Arnarson
forstjóri

FRÉTTIR 2004

Marel stofnar dótturfyrirtæki í Chíle

Seint í mars stofnaði Marel dótturfyrirtæki í Puerto Montt, Chíle. Yfirmaður þess er Sverrir Guðmundsson sem hefur starfað hjá Marel í meira en 16 ár. Með stofnun sölu- og viðskiptaskrifstofu á svæðinu er Marel betur í stakk búið til að veita þjónustu og stuðning viðskiptavinum sínum, einkum í Chíle og víðast í Suður-Ameríku.



Sölustjóri Carnitech í Chíle

Carnitech setti sölustjóra í nýja viðskiptastofu Marel í Chíle sem á að sjá um sölu laxavinnslubúnaðar fyrirtækisins og aðrar lausnir. Carnitech og CP Food Machinery ásamt Marel hafa á boðstólum fjölbreytt úrval heildartækjabúnaðar fyrir laxavinnslu.



Agner Stabell,
Sölustjóri Carnitech
í Chíle

Fyrsta flæðilínan fyrir lambakjöt á Nýja-Sjálandi.

Marel Ástralía undirritaði tímamótasamning við Progressive Meats Ltd. í maí 2004. Þetta verður fyrsta lambakjöts-flæðilína Marel í fullri stærð sem sett verður upp á Nýja-Sjálandi. Með nýju flæðilínunni verður gjörbylting á vinnslu lambakjöts hjá Progressive Meats.



Marel hlýtur IR Magazine – verðlaunin 2004 fyrir fjárfestatengsl

Marel veitti viðtöku „Best small cap investor relations“ –verðlauninum við hátíðlega athöfn IR Magazine Nordic Awards sem haldin var í Finnlandi þann 26. maí 2004. Forstjóri Marel, Hörður Arnarson, var tilnefndur í flokknum „Best investor relations by a CEO /CFO“ á Íslandi.



Ný kjöt- og alifugladeild hjá Marel Spáni


Í júlí efldi Marel á Spáni sölu- og þjónustustarf sitt í kjöt- og alifuglaiðnaði með því að stofna nýja deild fyrir þær afurðir. Yfirmaður deildarinnar er Michael Fleau sem er gamalreyndur í matvinnslu- og alifuglamarkaði á Spáni.



Marel eignast PÓLS

Í marsmánuði árið 2004 eignaðist Marel öll hlutabréf í fyrirtækinu Póls sem framleiðir tækjabúnað. Með þessum kaupum stækkaði viðskiptahópur og þjónustunet Marel samstæðunnar. Sérgrein Póls er þróun og framleiðsla á viktur- og þökkunarlausnum fyrir fiskvinnslu. Með eignarhaldi á Póls gefst gott færi á því að auka samlegðaráhrif innkaupa, sölu og markaðsetningar innan fyrirtækisins.





Viðurkenning bandaríska landbúnaðarráðuneytisins

Carnitech þróaði nýtt færiband sem uppfyllir allar kröfur sem bandaríska landbúnaðarráðuneytið setur. Nýja færibandið -BT45 - er afar sterkbyggt og flutningsbeltið er breitt. Burðarvirki þess er einangrað eða lokað og það tryggir hreinlæti á hæsta stigi.



Carnitech eignast hlut í starfsemi Röscherwerke GmbH

Carnitech öðlaðist hlut í starfsemi þýska fyrirtækisins Röscherwerke GmbH. Sá hluti er rekinn undir vörumerkinu Geba sem framleiðir skurðarvélar fyrir reyktan lax. Starfsemi Geba var sameinuð CP-Foods sem er í eigu Carnitech en það fyrirtæki framleiðir svipaðar vörur.



Afhending fullkomnustu rækjuvinnslu í heimi

Carnitech afhenti National Prawn Company Ltd. hátæknilega lausn við rækjuvinnslu í Sáði-Arabíu. Þessi nýja rækjuverksmiðja er sögð vera sú fullkomnasta sinnar tegundar í heiminum. Carnitech þróaði vinnslulausnir í nánu samstarfi við National Prawn.



Danish Crown með nýtt verkefni


Árið 2004 gerði Carnitech samning við deild innan Danish Crown í Oldenburg, Þýskalandi, um að afhenda þeim stóra vinnslustöð árið 2005. Samningurinn er um það bil 5 milljóna evra virði. Í verksmiðjunni verður unnið hakk, pylsur, svínakjötsneiðar með eða án beina ásamt með öðrum afurðum.



Nippon Meat Packers setur upp stærsta úrbeiningarkerfi fyrir nautakjöt í Ástralíu

Snemma í desember var formlega opnuð á vegum Nippon Meat Packers í Ástralíu það sem nefnt hefur verið fullkomnasta nautakjötvinnsla í heiminum. Þessi nýja stækkun Nippons kjötvinnslnnar kostaði 46 milljón dollara og var hún byggð yfir nýjan og afkastamikinn úrbeiningarsal sem er búinn nýjasta úrbeiningar- og rekjanleikabúnaði frá Marel.





AFKOMA ÁRSINS 2004

Við stuðlum að stöðugum
vexti og framsækinni þróun



AFKOMA ÁRSINS 2004

Afkoma ársins 2004 var sú besta í sögu Marel. Fjárfestingar liðinna ára og hagræðinga-aðgerðir hafa skilað þeim árangri og vegið á móti erfiðum ytri skilyrðum, einkum á gjaldeyrismörkuðum.

Reikningsskilaaðferðum hefur verið breytt miðað við árið 2003. Evrópusambandið hefur ákveðið að félögum með hlutabréf skráð í kauphöllum á Evrópska efnahagssvæðinu verði skylt að fara eftir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (e. IFRS, International Financial Reporting Standards) við gerð reikningsskila sinna frá og með árinu 2005. Marel hefur nánast lokið aðlögun reikningsskila sinna að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, m.a. með breytingum á upplýsingakerfum og innri ferlum. Þetta endurspeglast þó ekki að fullu í framsetningu uppgjörs ársins 2004, en mun gera það á árinu 2005.

Öllum samanburðarfjárhæðum frá árinu 2003 hefur verið breytt til samræmis við breytta framsetningu á árinu 2004.

Samstæða Marel samanstendur af 15 fyrirtækjum með starfsemi í 10 löndum. Það nýjasta, Marel Chile, hóf starfsemi á þriðja ársfjórðungi 2004.

Rekstrartekjur og rekstrargjöld 2004

Rekstrartekjur á árinu 2004 námu alls 112,3 milljónum evra samanborið við 106,1 milljón árið áður. Rekstrartekjurnar hafa því aukist um 6%. Miðað við fast gengi er vöxturinn 9%.

Kostnaðarverð seldrar vöru var 71,5 milljónir evra og stendur í stað á milli ára. Framlegð hefur því aukist; var 40,8 milljónir árið 2004 samanborið við 34,6 milljónir árið áður. Önnur rekstrargjöld, þ.e. sölu- og markaðskostnaður, þróunarkostnaður og stjórnunarkostnaður námu alls 30,8 milljónum evra og hækkuðu um 4,9% frá árinu 2003. Sem hlutfall af rekstrartekjum hafa þessir kostnaðarliðir þróast þannig:

	Árið 2004	Árið 2003
Sölu- og markaðskostnaður	12,6%	12,8%
Vöruþróunarkostnaður	6,6%	6,8%
Stjórnunarkostnaður	8,2%	8,1%


Áfram er unnið að því að auka enn frekar framlegð í framleiðslu fyrirtækisins með aukinni áherslu á staðlaðar vörur og aukið hagræði í innkaupum.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) og rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT) var eftirfarandi:

	Árið 2004	Árið 2003
EBITDA í þús. evra	14.092	10.129
EBITDA sem hlutf. af tekjum	12,5%	9,5%
EBIT í þús. evra	10.596	6.568
EBIT sem hlutf. af tekjum	9,4%	6,2%

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur námu 1,9 milljónum evra samanborið við 1,7 milljónir árið 2002. Félagið beitir virkri skuldastýringu með það að markmiði að lágmarka gengisáhættu og fjármagnskostnað. Heildarskuldir samstæðunnar hækkuðu um 5,0 milljónir evra eða um 8,9% frá upphafi til loka árs 2004, einkum vegna aukinna viðskiptaskulda. Vaxtaberandi lán lækkuðu hins vegar um 1,6 milljónir evra eða 3,9%.

Reiknaður tekjuskattur nam 2,0 milljónum evra samanborið við 1,1 milljón árið áður. Reiknaður eignarskattur var 78 þúsund evrur. Alls voru reiknaðir skattar samstæðunnar 24% af hagnaði fyrir skatta sem er nánast sama hlutfall og árið 2003. Félagið starfar í umhverfi þar sem tekjuskattshlutfall er á bilinu 18% - 43%.



Hagnaður af rekstri Marel hf á árinu 2004 nam 6,6 milljónum evra samanborið við 3,7 milljónir árið áður. Ytri skilyrði voru félaginu að mörgu leyti óhagstæð, einkum gengiskrossinn á milli evru og Bandaríkjadollars, þar sem það fengust um 9% færri evrur fyrir hvern dollar að jafnaði á árinu 2004

samanborið við árið 2003. Bandaríkjamarkaður er Marel mjög mikilvægur og voru tekjur samstæðunnar um 30% í Bandaríkjadollurum á árinu 2004, en kostnaður í þeirri mynt mun minni. Á móti lækkandi raungildi tekna í dollurum hefur náðst góður árangur í hagræðingu og sparnaði útgjalda.

Rekstur samstæðunnar í milljónum evra

	4. ársfj.	3. ársfj.	2. ársfj.	1. ársfj.	Samtals
Rekstrartekjur	29,1	26,8	31,3	25,1	112,3
Rekstrarhagn (EBIT)	2,5	2,4	3,7	2,0	10,6
EBIT %	8,5%	9,0%	11,9%	7,9%	9,4%
Fjármagnsgjöld nettó	(0,7)	(0,4)	(0,4)	(0,3)	(1,8)
Reiknaðir skattar ofl.	(0,3)	(0,6)	(0,8)	(0,4)	(2,1)
Hagnaður/(tap)	1,4	1,4	2,5	1,3	6,6
EBITDA	3,4	3,3	4,6	2,8	14,1



Eignir og og skuldir í árslok 2004

Heildareignir Marel í árslok 2004 voru bókfærðar á 90,6 milljónir evra og hafa þær aukist um 9,2 milljónir eða 11,3% frá fyrra ári. Þá hækkun má í stórum dráttum rekja til aukinna birgða og aukningar í viðskiptavild. Birgðir aukast um 5,6 milljónir evra, m.a. vegna aukinnar framleiðslu á stöðluðum vörum sem voru í birgðum um áramót. Aukning birgða er að mestu fjármögnuð með aukningu viðskiptaskulda. Viðskiptavild eykst um 4,1 milljón umfram afskrift. Þá aukningu má rekja til kaupa á Póls og hluta af rekstri þýska fyrirtækisins Röscherwerke GmbH. Sá hluti starfar undir vörumerkinu Geba og framleiðir skurðarvélar fyrir reyktan lax.

Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu 2004 fyrir 1,6 milljónir evra. Til samanburðar þá var fjárfest í sömu þáttum fyrir 1,9 milljónir evra á árinu 2003. Félagið er vel í stakk búið til að takast á við innri vöxt án þess að til umtalsverðra fjárfestinga þurfi að koma á næstu 2 – 3 árum.

Viðskiptakröfur námu 13,3 milljónum evra, nánast óbreytt fjárhæð frá árslokum 2003. Veittur gjaldfrestur var að jafnaði 43 dagar árið 2004 samanborið við 48 daga árið 2003. Skuldir í árslok 2004 námu 61,2 milljónum


evra og hækkuðu um 5,0 milljónir eða 8,9%. Langtímaskuldir hækkuðu um 2,1 milljón og skammtímaskuldir um 2,9 milljónir. Hækkun skammtímaskulda má einkum rekja til aukinna viðskiptaskulda.

Eigið fé í árslok 2004 var 29,4 milljónir evra og hækkaði um 4,2 milljónir á árinu. Breytingin sundurliðast þannig í þúsundum evra:


	2004	2003
Hagnaður/(tap)	6.615	3.749
Keypt umfram seld eigin hlutabréf	(3.029)	(511)
Greiddur arður	(407)	(280)
Kaup á dótturfélögum	1.267	-
Annað	(254)	(515)
(Lækkun)/hækkun eiginfjár	4.192	2.443

Eiginfjárlutfall í árslok 2004 var 32,4% en 30,9% árið áður. Veltufjárlutfall var 1,8 samanborið við 1,7 í lok árs 2003. Hlutfallið "hrein gíring" (vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé deilt með eigið fé) var 1,16 samanborið við 1,40 í árslok 2003.


■ Veltufjárlutfall



■ Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) sem hlutfall af sölu




Rekstrarárangur ársins 2004 er sá besti í sögu Marel




Sjóðstreymi

Handbært fé frá frá rekstri var 10,6 milljónir evra árið 2004 samanborið við 4,7 milljónir árið áður. Handbært fé frá rekstri hefur ekki áður orðið meira. Í árslok 2004 var handbært fé 4,4 milljónir evra samanborið við 4,7 milljónir í lok ársins 2003.


Eginfjárlutfall



Eigið fé



Eignir samtals



ÞÆTTIR ÚR STARFSEMINNI

Við ræktum samstarf til
að ná varanlegum árangri

SÖLU -OG MARKAÐSSTARF



Árið 2004 var lögð áhersla á sölu- og markaðsstarfsemina með því að efla samvinnu þeirra fyrirtækja sem mynda Marel samstæðuna og ná þannig að auka samlegðaráhrif sölu- og markaðsstarfseminnar um víða veröld. Marel, Carnitech og dótturfyrirtæki okkar geta í sameiningu veitt heildarlausnir sem svara kröfum fisk-, kjöt- og alifuglaiðnaðarins. Sameiginlegt markaðshugtak var búið til fyrir fyrirtækin og nöfn fyrirtækjanna Marel, Carnitech, CP Food Machinery og Póls skeytt saman undir heitinu Partners in Processing á þeim markaðssvæðum þar sem fyrirtækin og vöruheiti þeirra eru flestum kunn.

Þetta var fyrst reynt á fyrsta ársfjórðungi ársins 2004 og það leiddi til öflugri samvinnu og betri nálgunar við nokkur meiri háttar verkefni á helstu mörkuðunum, til dæmis unnu Marel og Carnitech saman að því að finna alhliða lausnir fyrir viðskiptavinum sína.

Söluáttak

Árið 2004 einbeitti samstæðan sér að því að auka framleiðni og efla aðhald í sölu og markaðssetningu jafnframt því sem unnið var að því að herða markaðssókn samstæðunnar. Ytri skilyrði voru að flestu leyti hagstæð árið 2004 þrátt fyrir smá afturkipp í fiskiðnaði í Norður-Atlantshafi, sérstaklega rækjuvinnslunni. Fuglaflensan í Asíu gerðu menn varfærnari við fjárfestingar og það hægðist á innkaupum hjá alifuglaiðnaðinum í Asíu. Á öðrum mörkuðum jukust fjárfestingar fyrirtækja í matvælaíðnaði sem kom sér vel fyrir Marel. Fyrirtækinu farnaðist vel á Ameríku- og Evrópumarkaði og náði flestum þeim markmiðum sem það hafði sett sér þetta árið.

Árið 2004 hélt Marel áfram að finna lausnir fyrir skyndibita- og veitingaþjónustumarkaðinn, bæði fyrir eldri og nýja viðskiptavinum sína. Þróunin er öll í þá átt að smásöluþjónustumarkaði og veitingaþjónustur óska í æ ríkari mæli eftir skömmtum af fastri þyngd.

Lausnir samstæðunnar fyrir laxavinnslu áttu góðu gengi að fagna á árinu. Afkoma samstæðunnar á þessum markaði var með ágætum og markaðshlutdeild hennar jókst þrátt fyrir lágt verð á laxi. Marel hf, Carnitech og CP Food Machinery eru í fararbroddi á þessum markaði og nýjar markaðsaðgerðir gerðu þetta ár að einu besta ári samstæðunnar í laxavinnslunni.

Kjötskurðar- og úrbeiningarlausnir frá bæði Marel og Carnitech voru einna söluhæstar árið 2004 með þeim árangri að bæði fyrirtækin



fengu stór verkefni, bæði hvort fyrir sig og í sameiningu.

Nýjum lausnum í fullvinnslu frá Carnitech var vel tekið af kjötvinnslunni. Þessi starfsemi leggur aðaláherslu á þróun, framleiðslu, sölu og markaðssetningu sérstæðs vélbúnaðar og á alhliða lausnir fyrir hamborgaralínur, hakkklínur, salami og pylsulínur. Góðar viðtökur hjá iðnaðinum hafa hraðað vexti á þessu sviði sem er orðið að einhverjum vænlegasta nýmarkaði fyrir samstæðuna.

Í mars var nýtt dótturfélag, Marel Chile, stofnað í Chile en það einbeitir sér að því að kynna Marel sem kerfis- og lausnaveitanda fyrir sjávar- og vatnaeldið í Chile auk þess sem dótturfélagið mun sinna fiskiðnaðinum ásamt kjöt- og alifuglavinnslunni í Chile og aðliggjandi löndum. Söluumboðsmaður Carnitech starfar einnig í Chile og kemur lausnum fyrirtækisins á framfæri. Marel samstæðan hefur í samvinnu við sérvalda umboðsmenn í Suður-Ameríku getið sér orð sem framleiðandi hágæða endingargóðs



tækjabúnaðar fyrir bæði stórar og smáar vinnslur.

Sölustarfsemi Carnitech jókst í Seattle, Bandaríkjunum, sérstaklega í landvinnslustöðvum fyrir fisk. Vegna óhagstæðra skilyrða hjá norska fiskiðnaðinum var sölufulltrúum fækkað hjá Carnitech Norge AS.

Vaxtarmöguleikar samstæðunnar árið 2005 eru í kjöt- og alifuglaiðnaði auk tækifæra sem bíða í nýjum framleiðsluvörum fyrir ört vaxandi markaði eins og til dæmis í vinnslu tilbúinna rétta.

Ráðgjafarþjónusta

Hver einasta grein matvinnsluiðnaðar krefst ríkrar sérkunnáttu í rekstri hennar, þróun og skilyrðum. Ráðgjafahópar samstæðunnar voru eflir og endurskipulagðir árið 2004 til að bæta þjónustuna og efla skilvirknina í öllum vinnslugreinum. Það er ekki eingöngu fagmannleg teymisvinna sem ræður úrslitum um árangur af jafn víðtækri starfsemi eins og hjá Marel heldur þurfa einnig að koma til traust og langvarandi tengsl við viðskiptavinum okkar. Það veltur aðallega á ráðgjöfum okkar að viðhalda og treysta þau bönd.

Hugbúnaður

Marel samstæðan hefur skipað sér sess sem einn helsti söluaðili rekjanleikakerfa fyrir afurðir og alhliða framleiðsluhugbúnað sem safnar og geymir verðmætar upplýsingar um vinnsluferlið. Sala hugbúnaðar jókst árið 2004 og þar voru rekjanleikakerfi einn helsti vaxtarbroddurinn. Fyrirtækið mun beita sér áfram að því að auka sölu hugbúnaðar árið 2005 með áframhaldandi áherslu á rekjanleikalausnum og hugbúnað fyrir gæðamat.

Helstu markmið ársins 2005 felast í því að auka markaðsstarfsemina og sinna þjálfun og fræðslu starfsmanna jafnframt því sem stofnuð verða dótturfyrirtæki á mikilvægum mörkuðum.

VÖRUÞRÓUN



Marel samstæðan einbeitir sér að markaðsmiðaðri vöruþróun í samstarfi við viðskiptavinina sína. Við leggjum áherslu á að þróa staðlaðar hágæðavörur og lausnir þar sem nýting og ending eru höfð í fyrirrúmi.

Með stefnu okkar hefur okkur tekist að vera í fararbroddi með tækninýjungar og útgáfu hátækni hugbúnaðar

Markaðurinn er í stöðugri þróun og Marel samstæðan hefur fylgt staðfastri stefnu í vöruþróunarmálum með það að markmiði að hafa á boðstólum bestu vörurnar hvað

viðkemur virkni, áreiðanleika, öryggi, hreinlæti og rekstrarkostnað. Með stefnu okkar hefur okkur tekist að vera í fararbroddi með tækninýjungar og útgáfu hátækni hugbúnaðar. Veltuhlutfall nýrrar framleiðsluvöru milli ára 2002 og 2004 var að meðaltali 39%. Á heildina litið var dreifingin í matvinnsluáæðnaðinum nokkurn veginn jöfn þótt áherslurnar væru mismunandi hjá fyrirtækjum samstæðunnar og hvert fyrirtæki einbeitti sér að sínu sérsviði.

Í samræmi við ríkjandi stefnu okkar í vöruþróunarmálum innleiddi Marel samstæðan 23 nýjar vöruhegundir á árinu 2004. Marel kom fjórtán nýjum vöruhegundum á framfæri en Póls var með tvær nýjar og Carnitech sjö.

Árið 2004 sótti Marel samstæðan um átta einkaleyfi í samræmi við ríkjandi stefnu sína í einkaleyfismálum. Samstæðan á 14 einkaleyfi og sækir árlega um 5 til 10 einkaleyfi fyrir hönd starfsfólksins sem hefur

Þróað tækninýjungar, sem þýðir að fyrirtækið er einna ötulast allra í þessum efnum. Vernd einkaleyfa er bráðnauðsynleg fyrir Marel samstæðuna og verðmæti samstæðunnar. Yfirburðastöðu fyrirtækisins má að miklu leyti þakka tækninýjungum og reynslu starfsfólksins.

Árið 2004 störfuðu 9% starfsmanna Marel samstæðunnar að vöruþróun. Bara hjá Marel hf. unnu 15% starfsfólksins við vöruþróun.

Sú stefna okkar að vera með öfluga og frumlega vöruþróun var styrkt með því að ráða árið 2004 nýtt starfsfólk til liðs við vöruþróunarhópinn hjá Marel hf. og Carnitech A/S. Vöruþróun hjá Póls miðast við sértækar lausnir í flokkun og samvalstækni og sérfræðingar þeirra eru í samvinnu við aðra starfsmenn samstæðunnar. Teymi okkar hugmyndaríku fagmanna vinnur kerfisbundið að því að leita nýrra hugmynda að vöruþróun og starfar í nánnum tengslum við vinnsluaðila og aðra í leit sinni að nýstárlegum hágæða framleiðsluvörum fyrir markaðinn.

Á vegum Marel samstæðunnar starfar einnig framsækið Rannsóknar- og tæknilið. Meginmarkmið þessa hóps er að bæta þekkinguna á þeim tækninýjungum sem Marel samstæðan gæti hugsanlega hagnýtt sér – til lengri eða skemmri tíma – og skjóta þannig fleiri stöðum undir tæknigrunn fyrirtækisins.

Marel samstæðan ræktar tengslin við vísindasamfélagið með því að taka á móti rannsóknarvísindamönnum og sjá þeim fyrir vinnuaðstöðu í sambandi við sérstök verkefni sem tengjast sviði fyrirtækisins. Þessi rannsóknarvinna kemur til viðbótar við vöruþróunina sem áfram gegnir lykilhlutverki í starfsemi samstæðunnar.



Compact Grader XL



Sensor X Bone Detection



Pols FP 3000 Flow Portioner



Carnitech Meat Mixer

FRAMLEIÐSLA



Ending, gæði og áreiðanleiki eru aðalsmerki vörunnar frá Marel samstæðunni. Lögð er áhersla á fyrirtaks handbragð við vinnsluferli og vörur samstæðunnar, vinnuferlið er trygging fyrir því að virkni allrar þeirrar framleiðsluvöru sem frá fyrirtækinu fer sé samkvæmt óskum viðskiptavinarins og standist nákvæmar gæðakröfur fyrirtækisins.

Framleiðniaukning var áfram í brennidepli árið 2004. Með vörustöðlun og betri framleiðsluaðstæðum tókst að ná þeim markmiðum framleiðsluferlisins sem sett voru fyrir árið 2004. Kaupin á Póls í mars komu sér vel fyrir framleiðsluferli Marel hf. Póls rekur áfram öfluga framleiðslueiningu á Ísafirði og framleiðir eigin vörur auk þess að framleiða staðlaðar vörur Marel.

Árið 2004 lagði Carnitech A/S kapp á að endurskipuleggja framleiðsluhætti sína í því augnamiði að styrkja kjarnaframleiðslusvið

sitt og bæta framleiðni. Framleiðslunni var skipt upp í mismunandi þekkingarsvið í því skyni að hagnýta betur þann þekkingarbrunn sem verður til í vinnsluferlinu. Þetta skilaði þeim árangri að reksturinn varð hagkvæmari og skilvirkari.

Stöðlun og stöðugar betrubætur á framleiðsluháttum juku framleiðnina árið 2004, en þess var þegar tekið að gæta árið 2003. Framleiðni reiknuð sem framleiðsluvirði á vinnuafsstund jókst frá árinu 2003 til ársins 2004. Vegna betri stjórnunar á framleiðslunni hefur yfirvinnustundum fækkað umtalsvert og framleiðslukostnaður þar með minnkað.

Skipulag framleiðslunnar er haft sveigjanlegt til þess að takast á við sveiflur í afkastapörf og vöruúrvali. Eitt af aðalmarkmiðum ársins 2004 var að auka sveigjanleikann í framleiðslunni og því var að einhverju leyti

Við leggjum áherslu á að vanda vinnubrögðin í öllum framleiðsluferlum

komið í kring með því að leita oftast til undirverktaka. Samstarf við kostnaðarlitla erlenda undirverktaka um að útvega íhluti til framleiðslunnar gekk að vonum og fyrirtækið mun halda áfram að efla viðskiptatengsl sín við helstu birgja jafnframt sem leitast verður við að lækka allan efniskostnað.

Framleiðsla í útlöndum hefur fram að þessu einskorðast við íhluti, en fyrirtækið mun enn leita hagkvæmstu leiða, meðal annars semja um ný framleiðsluvið við undirverktaka. Samið verður við undirverktaka um úttegum fleiri íhluta auk þess sem þeir verða framleiddir á hagkvæmari hátt, til dæmis með því að notast við málm- og plastmót.

Það er ásetningur Marel samstæðunnar að halda forystuhlutverki sínu í framleiðslunni og standa þeim bestu í heiminum ekki á sporði. Það er stefna samstæðunnar að nota ætíð hagkvæmstu aðferðirnar við framleiðsluna. Árið 2005 verður lögð áhersla á að taka upp Lean Manufacturing –tækni til að auka vitund og skilning á gildi viðskiptavina í framleiðslunni, sporna við sóun og gera almennar betrubætur.



Carnitech Salmon Filleting Machine CT2630



TSM Template Slicing Machine



IPM X400 Intelligent Portioning Machine



Cp Foods Machinery Silk Cut

MAREL OG SAMFÉLAGIÐ

Ábyrgir viðskiptahættir og viðvarandi viðleitni til að láta gott af sér leiða í samfélaginu einkennir stefnu Marel samstæðunnar hvað varðar félagslega ábyrgð. Marel samstæðan temur sér ábyrgja framkomu og leitast við að taka þátt í samfélagslegum markmiðum sem eru í samræmi við óskir viðskiptavina okkar og samfélagsins. Stjórnin og starfsfólk samstæðunnar sýna stuðning, ábyrgð og hlutdeild við að greina og hafa umsjón með málefnum sem skipta miklu fyrir starfsemi samstæðunnar og orðstír hennar.


Við hvetjum öll dótturfyrirtæki okkar og viðskiptaskrifstofur til að taka þátt í og framfylgja stefnu samstæðunnar. Félagslega ábyrgar aðgerðir og verkefni eru mismunandi eftir löndum og ræðst það af aðstæðum á hverjum stað. Dótturfyrirtæki okkar taka þátt í samfélagsmálum á sínu svæði auk þess sem þau að sjá um gegna hlutverki sínu í heildarstefnu samstæðunnar.

Vegna þess að Marel samstæðan þróar og framfylgir stefnu sinni sem er byggð á sameiginlegum markmiðum og málefnum fyrirtækisins og samfélagsins, er mest lagt upp úr því að styrkja nýsköpun, vísindi og raunvísindakennslu á öllum skólastigum.

Stefna okkar byggist á samvinnu og starfsfólk okkar tekur virkan þátt í ýmsum samvinnuverkefnum á hinum ýmsu sviðum.

Árið 2004 samdi samstæðan þriggja ára áætlun til stuðnings vísindakennslu á öllum skólastigum og starfslið og fjármunir hafa verið settir í þetta verkefni. Tilgangurinn með fjárhagslegu og verklegu framlagi okkar er að leitast við að efla nýsköpun og bæta vísinda- og stærðfræðimenntun auk þess að auka skilning manna á gildi góðrar vísindamenntunar í þeim samfélögum þar sem við rekum starfsemi okkar.

Aðalmarkmið Marel samstæðunnar næstu þrjú árin er að styðja nýsköpun ungmenna ásamt því að vera aðalbachjarl vísindakeppni og verkfræðikeppni í háskólum. Einnig verður veitt fé til að þróa vísindasafn fyrir börn og önnur vísindaverkefni með virkri þátttöku og fjárhagsstuðningi. Við verðum í nánú samstarfi við yfirvöld á hverjum stað við að efla vísindakennslu og samhæfingu hennar en jafnframt höldum við góðum tengslum við háskóla og rannsóknaraðila í stuðningi okkar við nýsköpun og yfirburða árangur í vísindarannsóknnum og könnunum.



MANNAUÐUR



Starfsmannastefna Marel samþættir anda frumlegs hátæknifyrirtækis, sem leggur sig fram um að hlúa að hæfu og frumlegu starfsliði og skapa metnaðarfullan og hvetjandi vinnustað. Við fylgjum ákveðnum markmiðum á hverju ári, markmiðum sem hafa verið sett með þátttöku starfsfólksins og framlagi þess til stefnumörkunar og viðmiða. Grundvallarreglurnar eru traustar en samt sveigjanlegar og við reynum að örva sköpunargleðina og lofum einstaklingnum að blómstra en axla um leið ábyrgð. Sköpunargáfan er ómissandi þáttur í samkeppnisríkum atvinnurekstri og svo lengi sem markmið okkar eru skýr er allra góðra gjalda vert að hvetja menn til þess að fara óvenjulegar leiðir að markmiðunum.

Stöðugur vöxtur einkenndi starfsmannahaldið árið 2004. Starfsfólki fjölgaði um 8% prósent, úr 773 árið 2003 í 836 árið 2004. Starfsmannaveltan var 4% árið 2004 og það kemur Marel samstæðunni vel hve starfsmannavelta er lítil. Starfsmannaveltan í ár er í samræmi við meðal starfsmannaveltu undanfarinna ára.


Stefna Marel samstæðunnar er að stuðla að fræðslu og endurmenntun, fjölskylduvænni stefnu, jafnrétti kynjanna, teymisvinnu, trúnaði og ábyrgð. Það er mikilvægt að öll samskipti séu í góðu lagi og að menn fái viðbrögð við því sem þeir hafa fram að færa og þess gætt að starfsmönnum sé umbunað fyrir framlag sitt.

Áhersla á fræðslu og áframhaldandi menntun var augin með stofnun Marel skólans snemma árs 2004. Hlutverk skólans er að auka fræðslu og menntun starfsfólks Marel og umboðsmanna fyrirtækisins í sölu, þjónustu og á öðrum sviðum, þar með talin þjálfun og fræðsla stjórnenda. Námskeið og málstofur eiga að fjalla um allar lausnir jafnframt því að fást við sérfræðikunnáttu og notkunarsvið lausna innan hvers iðnaðargeira.


Það er afdráttarlaus stefna Marel samstæðunnar að tryggja öruggt og þægilegt vinnuumhverfi og vandlega er fylgst með öllum hliðum öryggis- og heilbrigðismála á vinnustað.

Umskipti eru aðalmálið á sviði okkar í þróun og nýsköpun og hið frábæra starfsfólk okkar er sveigjanlegt og móttækilegt fyrir þeim. Svörin sem fengust í skoðanakönnun meðal starfsfólksins sem gerð var árið 2004 sýna að ímynd fyrirtækisins er öflug, starfsfólkið þekkir framtíðarsýn samstæðunnar, skilur hvernig uppbyggingu þess er háttað og er mjög annt um að taka að sér krefjandi verkefni. Starfsfólk okkar telur að það hafi svigrúm til sjálfstæðra vinnubragða og finnst tekið eftir því sem það gerir og að það fái viðurkenningu fyrir vel unnið verk. Starfsfólkið kann vel að meta að fræðsla og endurmenntun skuli í hávegum hafðar og segist hreykið af því að vinna fyrir samstæðuna.

■ Starfsmannafjöldi að jafnaði á ári



■ Dreifing starfsmanna 2004



STJÓRNENDUR MAREL SAMSTÆÐUNNAR

Marel hf

	<p>Ásgeir Ásgeirsson Framkvæmdastjóri vöruþróunar.</p> <p><i>Menntun</i> Rafmagnsverkfræði, M.Sc., 1993, Washington háskóli. Tölvunarfræði B.Sc., 1990, Háskóli Íslands. Rafmagnsverkfræði B.Sc., 1986, Háskóli Íslands.</p>	<p>Ásgeir hóf störf hjá Marel árið 1986 og vann við vöruþróun árin 1993-1996. Hann var yfirmaður upplýsingatæknideildar frá 1996 til 2001 og varð framkvæmdastjóri vöruþróunar árið 2001. Ásgeir tók einnig við stöðu framkvæmdastjóra dótturfyrirtækisins Póls árið 2004.</p>
	<p>Jón Þór Ólafsson Framkvæmdastjóri vöruþróunar.</p> <p><i>Menntun</i> Rafmagnsverkfræði B.Sc., 1978, Háskóli Íslands. Vísindagráða, 1973, Tækniskóli Íslands.</p>	<p>Jón Þór var sérfræðingur við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands frá 1978 til 1983 þegar hann fór að kanna möguleikana á því að þróa og framleiða vogir sem gætu stýrt vinnslu í fiskverkunarhúsum. Þetta var upphafið að Marel sem stofnað var árið 1983. Jón Þór hefur starfað hjá fyrirtækinu frá byrjun og hann varð framkvæmdastjóri vöruþróunar árið 1987.</p>
	<p>Kristján Þorsteinsson Framkvæmdastjóri fjármála.</p> <p><i>Menntun</i> Viðskiptafræði, B.Sc., 1976, Háskóli Íslands.</p>	<p>Kristján var forstöðumaður á fjármálasviði Eimskipafélags Íslands frá 1978 til 1999. Árið 1996 varð hann framkvæmdastjóri umboðsfyrirtækis í Englandi í eigu Eimskip, sem annaðist rekstur skipafélaga. Hann gekk til liðs við Marel árið 1999 sem framkvæmdastjóri fjármála.</p>
	<p>Lárus Ásgeirsson Framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs. Staðgengill forstjóra.</p> <p><i>Menntun</i> Vélaverkfræði, M.Sc., 1982, Oklahoma Háskóli. Vélaverkfræði, B.Sc., 1981, Háskóli Íslands.</p>	<p>Lárus vann sem rannsóknarverkfræðingur hjá Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins frá 1983 til 1986. Hann varð rekstrarstjóri Lýsis 1986 og framkvæmdastjóri Icepro Group í Bandaríkjunum frá 1987 til 1991. Lárus tók við stöðu framkvæmdastjóra sölu- og markaðssviðs Marel árið 1991. Hann er auk þess staðgengill forstjóra.</p>
	<p>Magnús Þór Ásmundsson Framkvæmdastjóri framleiðslu.</p> <p><i>Menntun</i> Rafmagnsverkfræði, M.Sc., 1990, Tækniháskólinn í Danmörku. Rafmagnsverkfræði, B.Sc., 1987, Háskóli Íslands.</p>	<p>Magnús Þór gekk til liðs við vöruþróun Marel árið 1990 og varð starfsmannastjóri árið 1998. Magnús Þór varð framkvæmdastjóri framleiðslu Marel í desember 1999.</p>



Hörður Arnarson forstjóri

Menntun

Rafmagnsverkfræði, Ph.D., 1990, Danmarks Tekniske Højskole.

Rafmagnsverkfræði, B.Sc., 1985, Háskóli Íslands.

Hörður gekk til liðs við Marel hf. árið 1985, þegar fyrirtækið var tveggja ára og gegndi þá stöðu verkefnisstjóra. Árið 1994 varð hann framkvæmdastjóri Vöruþróunardeildar og framkvæmdastjóri Framleiðsludeildar árið 1998 fram til 1999 þegar hann tók að sér forstjórustöðu fyrir Marel og Marel samstæðuna. Hörður situr í stjórn nokkurra fyrirtækja og er í stjórn Samtaka Iðnaðarins, Venture Capital Fund og Ráðgjafarnefnd fyrir Flugmálastjórn Íslands. Hörður er einnig matssérfræðingur fyrir Evrópska efnahagssvæðið við ESPRIT áætlunina sem leggur tæknilegt og fjárhagslegt mat á viðamikil alþjóðleg rannsóknarverkefni.



Pétur Guðjónsson

Framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs.

Menntun

Rafmagnsverkfræði, B.Sc., 1982, Háskóli Íslands.

Pétur starfaði sem verkfræðingur hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands frá 1982 til 1984 samtímis kennslu við Tækniskóla Íslands frá 1982 til 1985. Hann hóf störf sem verkfræðingur hjá Marel árið 1984 og var meðal fyrstu starfsmanna fyrirtækisins. Pétur var framkvæmdastjóri Marel Equipment í Kanada og rak dótturfyrirtækið fram til ársins 1991 en þá varð hann framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs.



Sigurpáll Jónsson

Framkvæmdastjóri þjónustusviðs.

Menntun

Rafmagnsverkfræði, framhaldsnám, 1979, ETH í Zürich.

Rafmagnsverkfræði, B.Sc., 1978, Háskóli Íslands.

Sigurpáll var fimm ár við verkfræðistörf hjá ÍSAL áður en hann kom til Marel árið 1985. Frá 1989 til 1996 var hann yfirmaður ýmissa deilda hjá Marel en varð framkvæmdastjóri Marel í Bandaríkjunum þegar dótturfélag var stofnsett þar árið 1996. Því starfi gegndi hann fram til ársins 2000 er hann kom aftur til starfa í aðalstöðvum Marel og tók við stöðu framkvæmdastjóra þjónustusviðs. Sigurpáll hefur einnig sinnt starfi innkaupastjóra frá árinu 2003.

Carnitech A/S



Thorkild Christensen

Forstjóri, Carnitech A/S.

Menntun

Lásasmiður, 1966, Østre Brønderslev Centralskole.

Christensen var einn af þeim sem stofnuðu Carnitech A/S árið 1981. Þar áður vann hann sem lásasmiður og eftirlitsmaður við ýmis fyrirtæki. Eftir nokkur ár hjá framkvæmdastjóri fyrirtækisins árið 1983.



Aksel Andersen

Tæknistjóri, Carnitech A/S.

Menntun

Vélvirki, 1965, Tylstryk Centralskole.

Andersen er einn af stofnendum Carnitech A/S árið 1981. Hann hafði unnið sem vélvirki, lásasmiður og eftirlitsmaður við ýmis fyrirtæki. Eftir nokkur ár hjá Carnitech A/S fór hann að sjá um framleiðsluna ásamt teiknistofu fyrirtækisins og hefur sem tæknistjóri haft umsjón með hvoru tveggja frá árinu 1983.



Tage Thesbjerg


Fjármálastjóri, Carnitech A/S.

Menntun

Endurskoðandi, 1984, Ringkjøbing Handelsskole.

Thesbjerg kom til starfa hjá Carnitech A/S árið 1991 og tók við fjármálastjórn fyrirtækisins árið 1997. Áður hafði hann unnið fimm ár hjá dönsku endurskoðunar- skrifstofunni Mortensen & Beirholm og tvö ár sem fjármálastjóri hjá dótturfyrirtæki Sabroe Refrigeration í Gautaborg.

HLUTABRÉF OG HLUTHAFAR



Hlutabréf og hluthafar

Hlutabréf Marel eru skráð í Kauphöll Íslands og eru tekin með í úrvalsvísitölunni ICEX-15. Verð hlutabréfa jókst úr ISK 27,30 í árslok 2003 í ISK 49,20 í árslok 2004, sem er 80% hækkun. Á sama tímabili varð 60% hækkun úrvalsvísitölnnar ICEX-15. Hæsta hlutabréfaverð í lok dags var ISK 58,40 í nóvember og lægsta hlutabréfaverð í lok dags var ISK 27,00 í janúar.


Heildarmarkaðsvirði hlutabréfa Marel sem skiptu um hendur í Kauphöll Íslands var 7.603.575.973 og veltuhlutfallið var 69%. Meðalverðbil í lok dags var 0,96%. Markaðsverð fyrirtækisins í árslok 2004 var

ISK 11,8 milljarðar. Fjöldi hlutabréfa er 240.064.000. Í árslok 2004 voru 1354 hluthafar í Marel og hafði þeim fækkað úr 1630 frá árslokum 2003.

Talsverðar breytingar urðu á hópi hluthafa árið 2004. Helst ber þar að telja fyrirtækið Eyrir fjárfestingarfélag ehf. sem eignaðist 12.84% hlut í fyrirtækinu. Stærsti hluthafinn er Burðarás hf. með 33.42% hlut í fyrirtækinu.

Marel keypti eigin hlutabréf umfram seld á árinu 2004 að nafnverði ISK 5.601 þúsund. Miðað við 18. febrúar 2005 átti Marel eigin bréf að nafnverði ISK 6.641 þúsund.

Gengi hlutabréfa Marel samanborið við ICEX-15 úrvalsvísitölu




10 Stærstu hluthafar

21.02.2005

HLUTHAFAR	HLUTIR	%
1 Burðarás hf	80.226.038,00	33,42
2 Eyrir fjárfestingafélag ehf	30.820.624,00	12,84
3 Sjóvá-Almennar tryggingar hf	17.888.522,00	7,45
4 Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	10.748.194,00	4,48
5 Landsbanki Íslands hf	8.411.986,00	3,50
6 Marel hf	6.681.516,00	2,78
7 Sameinaði lífeyrissjóðurinn	5.280.624,00	2,20
8 Helga Sigurðardóttir	4.750.000,00	1,98
9 Ingunn Sigurðardóttir	4.750.000,00	1,98
10 Súsanna Sigurðardóttir	4.750.000,00	1,98
Aðrir	65.756.496,00	27,39
Samtals	240.064.000,00	100,00

Skipting hluthafa



STJÓRNUNARHÆTTIR MAREL SAMSTÆÐUNNAR

Stjórn Marel hf. fylgir samþykktum fyrirtækisins í starfsháttum sínum. Stjórnin hefur einnig sett sér eigin starfsreglur sem fylgt er gaumgæfilega. Reglur þessar og gerðir stjórnarinnar fylgja þeim viðmiðunarreglum um stjórnunarhætti fyrirtækja sem settar eru af Kauphöll Íslands, Verslunarráði og Samtökum atvinnulífsins. Í viðmiðunar-

reglunum eru tvö atriði sem hingað til hefur ekki verið farið eftir. Stjórnin hefur ekki skipað endurskoðunarnefnd. Stjórnin sinnir sjálf þeim málum sem ella væru á ábyrgð endurskoðunarnefndar. Engin sérstök þóknunarnefnd starfar innan stjórnarinnar. Forstjóri semur um launakjör sín við stjórnarformann.

ÁRSREIKNINGUR 2004

A low-angle photograph of a man in a dark suit shaking hands with another person. The man's face is partially visible, looking upwards with a slight smile. The background is a bright blue sky filled with soft, white clouds. The lighting is bright, suggesting a sunny day.

Við tryggjum stöðugleika
af ábyrgð og kostgæfni

ÁRITUN STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 112,3 milljónum evra á árinu samanborið við 106 milljónir evra á árinu 2003. Hagnaður af rekstri samstæðunnar nam 6,6 milljónum evra samanborið við 3,7 milljónir evra árið áður. Samkvæmt efnahagsreikningi félagsins námu eignir samstæðunnar 90,6 milljónum evra og eigið fé nam í árslok 29,4 milljónum evra.

Á árinu störfuðu að meðaltali 836 starfsmenn hjá samstæðunni en 287 hjá móðurfélaginu. Launagreiðslur samstæðunnar námu 42,7 milljónum evra.

Hluthafar í Marel hf voru 1.354 í árslok 2004 og fækkaði þeim um 275 á árinu. Tveir hluthafar áttu yfir 10% eignarhlut í félaginu, en það eru Burðarás hf., sem átti 33,42% og Eyrir fjárfestingafélag ehf. sem átti 12,84% af heildarhlutafé félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 20% arður af nafnverði hlutafjár til hluthafa á árinu 2005, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun á hagnaði ársins og breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins.

Störf stjórnar Marel hf eru í samræmi við samþykktir félagsins. Stjórnin hefur einnig sett sér starfsreglur sem hún fylgir. Þessar starfsreglur og athafnir stjórnarinnar eru í samræmi við reglur um stjórnarhætti fyrirtækja sem settar voru fram af Kauphöll Íslands, Verslunarráði Íslands og Samtökum atvinnulífsins. Þó eru það tveir þættir í reglum um starfshætti fyrirtækja sem Marel hefur ekki komið á hingað til. Endurskoðunarnefnd hefur ekki verið sérstaklega sett á laggirnar innan stjórnarinnar. Stjórn Marel fjallar sjálf um þá þætti sem annars féllu undir ábyrgðarsvið endurskoðunarnefndar. Launanefnd er ekki til staðar innan stjórnarinnar. Launakjör forstjóra eru umsamin á milli hans og stjórnarformanns.

Stjórn og forstjóri Marel hf staðfesta hér með ársreikning samstæðu félagsins fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Garðabæ, 15. febrúar 2005

Þorkell Sigurlaugsson
Arnar Þór Másson
Bjarni Benediktsson
Friðrik Jóhannsson
Þórólfur Árnason

Forstjóri

Hörður Arnarson





Þórunn Þorvaldsson

Guðmundur Guðmundsson

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

ÁRITUN ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og hluthafa Marel hf

Við höfum endurskoðað ársreikning samstæðu Marel hf fyrir árið 2004. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um breytingar á eigin fé, yfirlit um reikningssskilaaðferðir og skýringar 1 - 24. Samstæðuársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Við höfum ekki endurskoðað ársreikninga erlendra dótturfélaga Marel hf, en þeir voru endurskoðaðir og áritaðir án fyrirvara af öðrum endurskoðendum.


Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í samstæðuársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningssskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð samstæðuársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar, byggt á okkar eigin athugunum og áritunum annarra endurskoðenda á ársreikninga dótturfélaga, að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Marel hf og dótturfélaga þess á árinu 2004, efnahag 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög og góða reikningssskilavenju.

Garðabæ, 15. febrúar 2005

PricewaterhouseCoopers hf

Þórir Ólafsson
Ólafur Þór Jóhannesson



Kennitölur

	2004	2003	2002	2001	2000
Kennitölur úr rekstri					
Sala	112.301	106.104	100.654	94.116	78.602
Framlegð	40.815	34.617	-	-	-
Hagnaður fyrir afskriftir og vexti (EBITDA)	14.092	10.129	5.712	8.432	6.675
Rekstrarhagnaður (EBIT)	10.596	6.568	2.278	5.979	4.528
Hagnaður (tap) ársins	6.615	3.749	50	2.106	(117)
Sjóðstreymi					
Handbært fé frá rekstri	10.558	4.724	1.004	1.098	3.558
Fjárfestingarhreyfingar	(3.852)	(1.955)	(17.959)	(12.585)	(13.321)
Fjármögnunarmarkhreyfingar	(7.263)	(1.153)	16.906	4.238	16.841
Fjárhagsstaða					
Eignir samtals	90.551	81.334	82.602	68.829	62.050
Hreint veltufé	20.909	17.700	12.740	14.978	22.458
Eigið fé	29.359	25.167	22.724	23.654	23.722
Ýmsar stærðir sem hlutfall af sölu					
Framlegð	36,3%	32,6%			
Sölu- og markaðskostnaður	12,6%	12,8%	-	-	-
Þróunarkostnaður	6,6%	6,8%	-	-	-
Stjórnunarkostnaður	8,2%	8,1%	-	-	-
Laun og launatengd gjöld	41,9%	41,0%	43,5%	40,7%	40,7%
Hagnaður fyrir afskriftir og vexti (EBITDA)	12,5%	9,5%	5,7%	9,0%	8,5%
Rekstrarhagnaður (EBIT)	9,4%	6,2%	2,3%	6,4%	5,8%
Afskriftir	3,1%	3,4%	3,4%	2,6%	2,6%
Hagnaður (tap) ársins	5,9%	3,5%	0,0%	2,2%	-0,1%
Aðrar lykilstærðir					
Veltufjárlutfall	1,8	1,7	1,4	1,6	2,0
Lausafjárlutfall	0,7	0,8	0,7	0,8	1,3
Eiginfjárlutfall	32,4%	30,9%	27,5%	34,4%	38,2%
Arðsemi eiginfjár	26,3%	16,5%	0,2%	9,4%	-1,0%

Fjárhæðir 2000 - 2001 eru umreiknaðar úr íslenskum krónum yfir í evrur þannig að rekstrarliðir eru umreiknaðir á meðalgengi hvers árs en efnahagsliðir á lokagengi.

Rekstrarreikningur ársins 2004

	Skýring	2004	2003	2004 4. ársfj.	2003 4. ársfj.
Sala		112.301	106.104	29.120	31.606
Kostnaðarverð seldra vara		<u>(71.486)</u>	<u>(71.487)</u>	<u>(18.570)</u>	<u>(22.549)</u>
Framlegð		40.815	34.617	10.550	9.057
Aðrar rekstrartekjur		598	1.325	180	88
Sölu- og markaðskostnaður		(14.195)	(13.563)	(3.741)	(3.473)
Þróunarkostnaður		(7.457)	(7.193)	(2.334)	(1.908)
Stjórnunarkostnaður		<u>(9.165)</u>	<u>(8.618)</u>	<u>(2.181)</u>	<u>(2.042)</u>
Rekstrarhagnaður		10.596	6.568	2.474	1.722
Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur	2	<u>(1.879)</u>	<u>(1.658)</u>	<u>(730)</u>	<u>(390)</u>
Hagnaður fyrir skatta		8.717	4.910	1.744	1.332
Tekjuskattur	4	(2.024)	(1.110)	(316)	(21)
Eignarskattur		<u>(78)</u>	<u>(51)</u>	<u>(25)</u>	<u>(15)</u>
Hagnaður ársins / tímabilsins		<u>6.615</u>	<u>3.749</u>	<u>1.403</u>	<u>1.296</u>
Hagnaður pr. hlut					
Hagnaður á útistandandi hlut (EUR cent)	5	2,82	1,59	0,60	0,55
Hagnaður á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttarsamninga (EUR cent)	5	2,76	1,56	0,58	0,54

Efnahagsreikningur 31. desember 2004

Eignir	Skýring	2004	2003
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	7	8.556	4.482
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	31.792	32.812
Fjárfestingaverðbréf	19	753	753
Langtímakröfur		92	0
Frestaðar skattineignir	13	1.020	1.035
		<u>42.213</u>	<u>39.082</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	8	22.269	16.693
Vörur í framleiðslu samkvæmt pöntun	9	5.859	6.064
Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur	10	15.844	14.768
Handbært fé		4.366	4.727
		<u>48.338</u>	<u>42.252</u>
Eignir samtals		<u>90.551</u>	<u>81.334</u>
Eigið fé			
Hlutfé		2.637	2.637
Yfirverðsreikningur hlutafjár		9.059	10.794
Eigin hlutabréf		(75)	(48)
Varasjóðir	17	(1.450)	(1.196)
Óráðstafað eigið fé		19.188	12.980
Eigið fé samtals		<u>29.359</u>	<u>25.167</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Lántökur	12	31.442	30.889
Frestaðar skattskuldbindingar	13	2.321	726
		<u>33.763</u>	<u>31.615</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	11	19.450	14.309
Ógreiddir skattar		328	611
Lántökur	12	7.025	9.141
Aðrar skuldbindingar	14	626	491
		<u>27.429</u>	<u>24.552</u>
Skuldir samtals		61.192	56.167
Eigið fé og skuldir samtals		<u>90.551</u>	<u>81.334</u>

Yfirlit um breytingar á eigin fé

Skýr	Hlutfé	Yfirverð- reikningur	Eigin hlutabréf	Vara- sjóðir	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1. janúar 2003	2.601	11.293	0	(681)	9.511	22.724
Þýðingarmunur vegna dótturfélaga				(515)		(515)
Óinnleystur hagnaður (tap) sem ekki kemur fram í rekstrarreikningi	0	0	0	(515)	0	(515)
Keypt eigin hlutabréf, nettó		(499)	(12)			(511)
Greiddur arður vegna 2002					(280)	(280)
Hagnaður ársins					3.749	3.749
Eigin hlutabréf millifærð	36		(36)			0
	<u>36</u>	<u>(499)</u>	<u>(48)</u>	<u>(515)</u>	<u>3.469</u>	<u>2.443</u>
Staða 31. desember 2003/ Þann 1. janúar 2004	2.637	10.794	(48)	(1.196)	12.980	25.167
Sjóðstreymsisvarnir:						
– gangvirðishagnaður (tap) eftir skatta	17			(20)		(20)
Þýðingarmunur vegna dótturfélaga	17			(234)		(234)
Óinnleystur hagnaður (tap) sem ekki kemur fram í rekstrarreikningi	0	0	0	(254)	0	(254)
Keypt eigin hlutabréf, nettó		(2.967)	(62)			(3.029)
Kaup á dótturfélagi	20	1.232	35			1.267
Greiddur arður vegna 2003					(407)	(407)
Hagnaður ársins					6.615	6.615
	<u>0</u>	<u>(1.735)</u>	<u>(27)</u>	<u>(254)</u>	<u>6.208</u>	<u>4.192</u>
Staða 31. desember 2004	<u>2.637</u>	<u>9.059</u>	<u>(75)</u>	<u>(1.450)</u>	<u>19.188</u>	<u>29.359</u>

Sjóðstreymi ársins 2004

	Skýring	2004	2003
Handbært fé frá rekstri			
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	18	13.152	7.041
Greiddir vextir		(1.548)	(1.931)
Greiddir skattar		(1.046)	(386)
		<u>10.558</u>	<u>4.724</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaup á dótturfélagi að fráregnu handbæru fé		(32)	0
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum	6	(1.642)	(1.889)
Kaup á óefnislegum eignum		(2.307)	(403)
Sala á varanlegum rekstrarfjármunum		117	337
Sala á hlutabréfum		12	0
		<u>(3.852)</u>	<u>(1.955)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Sala (kaup) á eigin hlutabréfum, nettó		(3.029)	(510)
Nýjar langtímaskuldir		2.451	14.424
Afborganir af langtímaskuldum		(6.004)	(14.155)
Afborganir af leigusamningum		(274)	(632)
Greiddur arður		(407)	(280)
		<u>(7.263)</u>	<u>(1.153)</u>
Gengisumreikningur vegna dótturfélaga		196	220
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(361)	1.836
Handbært fé í ársbyrjun		4.727	2.891
Handbært fé í árslok		<u><u>4.366</u></u>	<u><u>4.727</u></u>

Reikningsskilaaðferðir

Evrópusambandið hefur ákveðið að félög með skráð hlutabréf á evrópska efnahagssvæðinu skuli fara eftir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) við gerð reikningsskila frá og með árinu 2005. Marel hefur hafið undirbúning að nauðsynlegum breytingum m.a. með aðlögun upplýsingakerfa og innri ferla. Þessar breytingar endurspeglast í framsetningu ársreiknings 2004. Samanburðarfráhæðum frá fyrra ári hefur verið breytt til samræmis við breytta framsetningu þessa árs.

Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir sem liggja til grundvallar samstæðuársreikningnum:

Grundvöllur reikningsskila

Samstæðureikningurinn er gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju og samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

Við gerð reikningsskila samkvæmt góðri reikningsskilavenju þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta endanleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Samstæðureikningur

Dótturfélög

Dótturfélög eru félög sem móðurfélag eða önnur félög innan samstæðunnar hafa yfir að ráða meira en helming af atkvæðavægi innan viðkomandi félags eða hefur á annan hátt vald til þess að hafa áhrif á rekstrar- og fjárhagsstefnu félagsins.

Dótturfélög eru færð í samstæðureikning frá þeim degi sem stjórnun þeirra færist til samstæðunnar og til þess dags sem stjórnun er ekki lengur í hennar höndum. Kaupaðferðinni er beitt þegar dótturfélög eru keypt. Kaupverðið tekur mið af gangvirði yfirtekinna eigna og skulda, útgefins hlutafjár og kostnaðar við kaupin á kaupdegi. Sá hluti kaupverðsins sem er umfram gangvirði eigna að frádregnum skuldum er færður sem viðskiptavild. Sjá umfjöllun hér á eftir varðandi reikningshaldslega meðhöndlun á viðskiptavild. Innbyrðis viðskiptum, eignum, skuldum og óinnleystum hagnaði vegna viðskipta milli samstæðufélaga er eytt út í samstæðureikningi. Óinnleystu tapi er einnig eytt út nema nema gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð þeirra. Þar sem við á hefur reikningsskilaaðferðum dótturfélaga verið breytt yfir í reikningsskilaaðferðir samstæðunnar til þess að tryggja samræmi.

Erlendir gjaldmiðlar og umreikningur þeirra

Gjaldmiðill við gerð reikningsskila

Hvert félag innan samstæðunnar notar gjaldmiðil sem best lýsir þeim viðskiptum og efnahagsumhverfi þar sem þau stunda viðskipti. Samstæðureikningurinn er í evrum sem er starfsrækslugjaldmiðill móðurfélagsins.

Viðskipti og jöfnuðir

Viðskipti í öðrum myntum en evrum eru umreiknuð yfir í evrum á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok nema þegar innlausn gengismunar sjóðstremisvarna er frestað í gegnum eigið fé.

Reikningsskilaaðferðir

Samstæðufélög

Rekstrarreikningar og sjóðstreymi dótturfélaga sem eru gerð upp í öðrum myntum en evrum, og eru með samþætta starfsemi með móðurfélaginu, eru umreiknaðir yfir í evrur á meðalgengi ársins en efnahagsreikningar á lokagengi ársins. Undantekning er þó gerð á meðferð fastafjármuna og afskrifta en þeir liðir eru umreiknaðir yfir í evrur á upphaflegu gengi þeirra. Gengismunur sem þannig myndast er færður í gegnum rekstrarreikning. Rekstrarreikningar og sjóðstreymi dótturfélaga sem eru gerð upp í öðrum myntum en evrum, og eru ekki með samþætta starfsemi með móðurfélaginu, eru umreiknaðir yfir í evrur á meðalgengi ársins en efnahagsreikningur á lokagengi ársins. Gengismunur sem þannig myndast er færður yfir eigið fé.

Viðskiptavild og annað yfirverð vegna kaupa á erlendum dótturfélögum eru meðhöndluð sem eignir og skuldir þeirra og umreiknað á árslokagengi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru skráðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Húseignir	20-40 ár
Verksmiðjuvélar og -tæki	5-15 ár
Bifreiðar og annar búnaður	3-8 ár

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söluþegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna varanlega rekstrarfjármuni eru gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Óefnislegar eignir

Viðskiptavild

Viðskiptavild er tilkomin vegna kaupa samstæðunnar á dótturfélögum og er mismunur á kaupverði og hlutdeild í gangvirði hreinnar eignar þeirra á kaupþegi. Viðskiptavild sem varð til með þessum hætti fyrir 1. janúar 2004 hefur í einhverjum tilvikum verið færð að fullu til lækkunar á eigin fé. Slík viðskiptavild er ekki eignfærð í efnahagsreikningi.

Viðskiptavild er afskrifuð með beinlínuaðferð á áætluðum endingartíma hennar. Stjórnendur ákveða endingartíma með hliðsjón af viðkomandi fyrirtæki á kaupþegi að teknu tilliti til þátta eins og markaðshlutdeildar og vaxtamöguleika. Viðskiptavild er afskrifuð að hámarki á 20 árum.

Á hverjum reikningsskiladegi metur samstæðan hvort einhverjar vísbendingar séu um virðisrýrnun. Ef slíkar vísbendingar eru til staðar er framkvæmt virðisrýrnunarpróf um það hvort bókfært verð viðskiptavildar sé endurheimtanlegt. Virðisrýrnun er færð ef bókfært verð viðskiptavildar er hærra en endurheimtanlegt virði hennar.

Reikningskilaaðferðir

Rannsóknar- og þróunarkostnaður

Rannsóknarkostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður, sem verður til við þróun afurða sem tengist hönnun og prófun nýrra vara, er færður sem ófnisleg eign í efnahagsreikningi þegar líkur eru á að verkefnið skili árangri þ.e. tæknileg geta til þess að ljúka við þróun varanna, sölumöguleikar vörunnar séu til staðar ásamt því að hægt sé að mæla kostnaðinn með ábyggilegum hætti. Annar þróunarkostnaður er gjaldfærður þegar hann verður til. Þróunarkostnaður sem áður hefur verið gjaldfærður er ekki eignfærður síðar. Eignfærður þróunarkostnaður er gjaldfærður á þeim tíma sem áætlaður ávinningur er af henni en að hámarki á 5 árum.

Tölvuhugbúnaður

Kostnaður sem verður til við þróun og viðhald tölvuhugbúnaðar er gjaldfærður þegar hann verður til. Kostnaður sem tengist sérstökum hugbúnaði sem samstæðan á og mun líklega njóta ávinnings af umfram kostnað, þegar til lengra tíma lætur, er eignfærður sem ófnisleg eign. Eignfærður tölvuhugbúnaður er gjaldfærður á áætluðum nýtingartíma en að hámarki á 3 árum.

Aðrar ófnislegar eignir

Kostnaður við öflun einkaleyfa og vörumerkja er eignfærður og afskrifaður með beinlínufskrift á áætluðum endingartíma en að hámarki á 3 árum. Ófnislegar eignir eru ekki endurmetnar sérstaklega.

Virðisrýrnun langtímaeigna

Varanlegir rekstrarfjármunir og aðrir fastafjármunir þ.m.t. viðskiptavild og ófnislegar eignir eru skoðaðir með tilliti til virðisrýrnunar þegar breytingar á umhverfi eða atburðir benda til þess að bókfært verð þeirra sé lægra en endurheimtanlegt virði þeirra. Sérstök niðurfærsla er færð ef endurheimtanlegt virði þeirra, sem er hærra af nettó söluverði og notkunarvirði, er lægra en bókfært verð þeirra. Í virðisrýrnunarprófi eru eignir flokkaðar eins og mögulegt er svo hægt sé að mæla áætlað sjóðstreymi þeirra.

Fjárfestingar

Samstæðan flokkar fjárfestingar sínar í skuldabréfum og hlutabréfum í eftirfarandi flokka: langtímafjárfestingar og fjárfestingaverðbréf. Flokkunin tekur mið af tilgangi fjárfestinganna. Stjórnendur ákveða flokkun fjárfestinganna á kaupdegi og endurskoða reglulega. Fjárfestingar með föstum gjalddaga sem stjórnendur ætla og geta átt til gjalddaga eru flokkaðar sem langtímafjárfestingar meðal fastafjármuna, nema gjalddagi sé innan 12 mánaða en þá flokkast fjárfestingarnar meðal veltufjármuna. Fjárfestingar sem hafa óskilgreindan eignarhaldstíma en ætlunin er að selja þegar á þarf að halda eða ef breytingar verða á vaxtakjörum fjárfestinganna, eru flokkaðar sem fjárfestingaverðbréf meðal fastafjármuna nema stjórnendur hafi ákveðið að selja fjárfestingarnar innan 12 mánaða. Þá eru fjárfestingarnar flokkaðar meðal veltufjármuna.

Kaup og sala fjárfestinga eru færð á viðskiptadegi sem er sá dagur sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja fjárfestingar. Viðskiptakostnaður er innifalinn í kaupverði. Fjárfestingaverðbréf eru eftir það bókfærð á gangvirði. Langtímafjárfestingar eru bókfærðar á kaupverði að teknu tilliti til virkra vaxta á kaupdegi. Önnuleystur hagnaður/tap af fjárfestingum sem flokkaðar eru sem fjárfestingaverðbréf er færður meðal eigin fjár. Gangvirði fjárfestinga er byggt á tilboðsverðum eða sjóðstreymilíkönunum. Gangvirði óskráðra hlutabréfa er áætlað út frá verði/hagnaði eða verði/sjóðstreymiskennitölum sem endurspeglar umhverfi útgefandans. Þar sem ekki er hægt að mæla verðmæti óskráðra hlutabréfa með ábyggilegum hætti, eru þau bókfærð á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Þegar fjárfestingaverðbréf eru seld eða færð niður, færast uppsöfnuð áhrif sem áður höfðu verið færð yfir eigið fé til tekna eða gjalda í rekstrarreikningi.

Reikningsskilaaðferðir

Leigusamningar

Leiga á varanlegum rekstrarfjármunum þar sem samstæðan nýtur næstum alls ávinnings og ber næstum alla áhættu á leigumun er flokkuð sem kaupleiga. Kaupleiga er færð til eignar við upphaf leigutíma á gangvirði leigumunar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna hvort sem lægra er. Hverri leigugreiðslu er skipt milli leiguskuldar og vaxtagjalda. Jafnframt hefur leiguskuld við leigusala, að frádregnum vöxtum, verið færð meðal annarra langtímaskulda. Vaxtahluti leigugreiðslunnar er gjaldfærður í rekstrarreikningi á leigutíma til þess að sýna stöðugt vaxtahlutfall af eftirstöðvum leiguskuldar í lok hvers tímabils. Varanlegir rekstrarfjármunir sem keyptir eru á kaupleigu eru afskrifaðir á nýtingartíma eða leigusamningstíma, hvort sem skemmra reynist.

Leiga á varanlegum rekstrarfjármunum þar sem leigusali nýtur næstum alls ávinnings og ber næstum alla áhættu á leigumun er flokkuð sem rekstrarleiga. Leigugreiðslur eru færðar til gjalda í rekstrarreikningi á leigutíma.

Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð ákvarðast samkvæmt fyrst inn, fyrst út aðferð (FIFO). Kostnaðarverð fullunninna vara og vara í vinnslu samanstendur af efni, beinum launum, öðrum beinum kostnaði og óbeinum framleiðslukostnaði en ekki vaxtakostnaði. Dagverð er áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu varanna og sölukostnaði. Innifalið í kostnaðarverðmæti birgða eru áhrif gengisvarna af eigin fé vegna innkaupa á birgðum.

Vörur í framleiðslu samkvæmt pöntun

Vörur í framleiðslu samkvæmt pöntun eru seldar vörur sem hafin er framleiðsla á.

Þegar ekki er hægt að áætla rekstrarleg áhrif af vörum í framleiðslu með ábyggilegum hætti, eru tekjur færðar að því marki sem áfallinn kostnaður stendur í ef sá kostnaður fæst til baka. Framleiðslukostnaður er færður þegar hann verður til.

Þegar hægt er að áætla rekstrarleg áhrif af vörum í framleiðslu með ábyggilegum hætti, eru tekjur og gjöld færð samkvæmt áfangaaðferð. Áfangi er mældur með því að taka hlutfall framleiðslukostnaðar af áætluðum heildarkostnaði við verk. Þegar líklegt er talið að heildarkostnaður við verk fari framúr heildartekjum er áætlað tap gjaldfært strax.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Kröfur eru færðar niður þegar líkur eru á að samstæðan muni ekki geta innheimt andvirði krafanna. Fjárhæð niðurfærslunnar er mismunur á bókfærðu verði og endurheimtanlegri fjárhæð sem er núvirt væntanlegt sjóðstreymi, afvaxtað með vöxtum sambærilegra lána.

Reikningsskilaaðferðir

Handbært fé

Handbært fé er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi sem lántökur.

Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé.

Þegar félagið eða dótturfélög kaupa hlutfé í sjálfu sér er kaupverðið fært í heild sinni til lækkunar á eigin fé sem eigin hlutabréf þar til bréfin eru eyðilögð eða seld. Þegar bréfin eru seld eða útgefin aftur færast söluverðið til hækkunar á eigin fé.

Lántökur

Lánsfé er upphaflega fært miðað við lánsfjárhæð að teknu tilliti til lántökukostnaðar.

Frestaðir tekjuskattar

Frestuð skattskuldbinding er reiknuð að fullu samkvæmt efnahagsaðferð á tímabundinn mismun efnahagsliða samkvæmt ársreikningi og skattframtali. Gildandi tekjuskattshlutfall er notað við útreikning á frestuðum tekjuskatti.

Frestuð skattinneign er færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíð muni nýtast á móti tímabundnum mismun.

Frestuð skattskuldbinding og -inneign er reiknuð vegna eignarhluta í dóttur- og hlutdeildarfélagum nema hægt sé að stjórna hvenær tímabundinn mismunur snýst við og líkur séu á að tímabundni mismunurinn muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð.

Starfsmannasamningar

Kaupréttarsamningar

Starfsmönnum voru veittir kaupréttir á árinu 2001. Kaupréttir voru veittir á markaðsverði hlutabréfanna á þeim degi og nýtanlegir á því verði. Kaupréttir eru nýtanlegir einu ári eftir að þeir voru veittir í samtals sex ár. Í samræmi við IFRS 2 kemur ekki til gjaldfærslu vegna kaupréttarsamninga.

Ágóðahlutir og bónusgreiðslur

Undir vissum kringumstæðum er færð skuldbinding vegna lykilstarfsmanna vegna áunninna réttinda til ágóðahluta. Til þess að svo sé þarf eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt:

– það liggur fyrir formleg ákvörðun um greiðslu ákveðinnar fjárhæðar og ákvörðunin er tekin áður en reikningsskilin eru gefin út.

Kostnaður vegna ágóðahluta og bónusgreiðslna sem verður væntanlega greiddur á næstu 12 mánuðum og er færður á þeirri fjárhæð sem líklegt er að komi til greiðslu.

Reikningsskilaaðferðir

Aðrar skuldbindingar

Aðrar skuldbindingar eru færðar þegar samstæðan hefur tekið á sig skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt er að mæla þær með ábyggilegum hætti. Samstæðan veitir ábyrgð á vissum vörum og skuldbindur sig til þess að gera við vörur sem vinna ekki með eðlilegum hætti.

Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti, afsláttum og innbyrðis viðskiptum milli samstæðufélaga. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda. Tekjur af vörum í framleiðslu samkvæmt pöntunum eru færðar samkvæmt áfangaaðferð.

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við tíma, að teknu tilliti til virkra vaxta. Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Arður

Arður er færður í samstæðureikningi þegar aðalfundur hefur samþykkt að greiða arðinn út.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytta framsetningu þessa árs.

Fjárhagsleg áhættustjórnun

Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi samstæðunnar hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxta. Áhættustjórnun samstæðunnar beinist að aðgerðum til þess að lágmarka áhrif þessara þátta á afkomu. Samstæðan notar fjármálasamninga eins og gengisskipta- og vaxtaskiptasamninga til þess að takmarka áhættu sína. Áhættustjórnun er framfylgt í samræmi við stefnu stjórnar.

Gengisáhætta

Samstæðan starfar í alþjóðlegu umhverfi og býr því við gengisáhættu vegna erlendra gjaldmiðla. Félög innan samstæðunnar nota framvirka samninga til þess að verjast sveiflum á öðrum gjaldmiðlum en evrum.

Útlánaáhætta

Samstæðan einbeir sér ekki sérstaklega að útlánaáttu. Hins vegar hefur samstæðan ákveðna stefnu gagnvart því að selja vörur og þjónustu til ábyrga aðila og afhenda ekki vörur fyrir en greiðslur eru tryggðar.

Bókun fjármála- og afleiðusamninga

Breytingar á gangvirði afleiða sem eru sjóðstreymisvarnir eru færðar yfir eigið fé. Ef viðkomandi samningur er tengdur ákveðnum eignum eða skuldum t.d. varanlegum rekstrarfjármunum, er hagnaður/tap af afleiðusamningi, sem áður hefur verið færður yfir eigið fé, fært til hækkunar/lækkunar á kostnaðarverði viðkomandi eignar/skuldar. Á hinn bóginn er hagnaður/tap af afleiðusamningi sem tengist ákveðnum viðskiptum eða samningi, færður af eigin fé til gjalda eða tekna í rekstrarreikningi þegar viðskiptin verða.

Ákveðnar tegundir af afleiðuviðskiptum uppfylla ekki skilyrði sem sett eru í IAS 39 um sjóðstreymisvarnir. Breyting á gangvirði slíkra samninga eru færð jafnóðum í rekstrarreikning.

Þegar samningur er seldur eða rennur út eða þegar vörn uppfyllir ekki skilyrði í IAS 39, eru áhrif sem færð hafa verið yfir eigið fé látin standa þar til viðskipti hafa verið gerð sem tengjast vörninni en þá eru áhrifin færð í rekstrarreikning. Ef talið er að viðskipti sem tengjast vörninni muni ekki verða, eru áhrif sem færð hafa verið yfir eigið fé færð í rekstrarreikning.

Samstæðan skráir samhengi fjármálasamninga við tiltekna liði strax í upphafi sem og markmið með áhættustjórnun slíkra samninga. Þetta felur í sér tengingu allra samninga við tilteknar eignir, skuldir og framtíðarviðskipti/-samninga. Samstæðan skráir einnig mat sitt á slíkum samningum við upphaf og á samningstíma.

Skýringar

1. Rekstraryfirlit eftir ársfjórðungum	4. ársfj. 2004	3. ársfj. 2004	2. ársfj. 2004	1. ársfj. 2004	4. ársfj. 2003
Sala	29.120	26.823	31.287	25.071	31.606
Kostnaðarverð seldra vara	(18.570)	(17.489)	(19.537)	(15.890)	(22.549)
Framlegð	10.550	9.334	11.750	9.181	9.057
Aðrar rekstrartekjur	180	93	163	162	88
Sölu- og markaðskostnaður	(3.741)	(3.179)	(3.724)	(3.551)	(3.473)
Þróunarkostnaður	(2.334)	(1.508)	(1.845)	(1.770)	(1.908)
Stjórnunarkostnaður	(2.181)	(2.320)	(2.616)	(2.048)	(2.042)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	2.474	2.420	3.728	1.974	1.722
Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur	(730)	(396)	(427)	(326)	(390)
Hagnaður fyrir skatta	1.744	2.024	3.301	1.648	1.332
Tekjuskattur	(316)	(616)	(745)	(347)	(21)
Eignarskattur	(25)	(14)	(26)	(13)	(15)
Hagnaður ársfjórðungs	1.403	1.394	2.530	1.288	1.296
Hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	3.393	3.337	4.566	2.796	2.646
2. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur					
				2004	2003
Vaxtagjöld:					
- bankalán				(1.368)	(1.123)
- kaupleigusamningar				(89)	(12)
- önnur vaxtagjöld				(43)	(770)
				<u>(1.500)</u>	<u>(1.905)</u>
Vaxtatekjur				150	221
Arðstekjur				0	1
Gengismunur, nettó				<u>(529)</u>	<u>25</u>
				<u>(1.879)</u>	<u>(1.658)</u>
3. Laun og launatengd gjöld					
				2004	2003
Laun				42.688	39.565
Launatengd gjöld				4.372	3.984
				<u>47.060</u>	<u>43.549</u>
Laun og launatengd gjöld skiptast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:					
Kostnaðarverð seldra vara				28.637	26.639
Sölu- og markaðskostnaður				8.483	8.048
Þróunarkostnaður				4.765	4.131
Stjórnunarkostnaður				5.175	4.731
				<u>47.060</u>	<u>43.549</u>

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu 2004 var 836 (2003: 773). Í árslok 2004 var starfsmannafjöldi samstæðunnar 841 (2003: 788).

Skýringar

4. Tekjuskattur	2004	2003
Tekjuskattur til greiðslu	538	801
Frestaður tekjuskattur (Skýring 13)	1.486	309
	<u>2.024</u>	<u>1.110</u>

Reiknaður tekjuskattur samstæðunnar af hagnaði fyrir skatta er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall móðurfélagsins er notað til útreikningsins sem hér greinir:

Hagnaður fyrir skatta	<u>8.717</u>	<u>3.749</u>
Reiknaður tekjuskattur miðað við 18% skattshlutfall (2003 : 18%)	1.569	675
Áhrif af mismunandi tekjuskattshlutföllum í öðrum löndum	350	450
Gengisumreikningur	46	(15)
Varanlegir mismunir í skattframtali	88	0
Nýting á yfirfæranlegu tapi sem ekki hefur verið fært / tekjuskattsineign ekki færð	(29)	0
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>2.024</u>	<u>1.110</u>

5. Hagnaður pr. hlut

Hagnaður pr. hlut er reiknaður út með því að deila vögnum meðalfjölda útistandandi hluta (eigin hlutir ekki með) upp í hagnað ársins.

	2004	2003
Hagnaður ársins	6.615	3.749
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta (í þúsundum)	234.600	236.278
Hagnaður pr. hlut (EUR cent)	<u>2,82</u>	<u>1,59</u>

Hagnaður pr. hlut að teknu tilliti til kaupréttarsamninga er reiknaður út með því að bæta áhrifum af kaupréttarsamningum við veginn meðalfjölda útistandandi hluta. Kaupréttir eru teknir inn með því að taka fjölda útistandandi og innleysanlegra hluta og þeim hluta bætt við nefnara.

	2004	2003
Hagnaður ársins	<u>6.615</u>	<u>3.749</u>
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta (í þúsundum)	234.600	236.278
Áhrif kaupréttarsamninga (í þúsundum)	5.322	3.995
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta að teknu tilliti til kaupréttarsamninga (í þúsundum)	<u>239.922</u>	<u>240.273</u>
Hagnaður pr. hlut að teknu tilliti til kaupréttarsamninga (EUR cent)	<u>2,76</u>	<u>1,56</u>

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Húseignir	Verksm. vélar og -tæki	Bifreiðar og annar bún.	Samtals
Árslok 2004				
Bókfært verð í ársbyrjun	25.471	4.775	2.864	33.110
Millifært á óefnislegar eignir	0	(25)	(277)	(302)
Leiðrétt bókfært verð í ársbyrjun	25.471	4.750	2.587	32.808
Kaup á dótturfélagi	0	46	33	79
Gengismunur	4	(3)	(2)	(1)
Viðbætur á árinu	44	452	1.146	1.642
Selt á árinu	0	(2)	(123)	(125)
Afskriftir	(690)	(1.008)	(913)	(2.611)
Bókfært verð í árslok	24.829	4.235	2.728	31.792
Bókfært verð 31. desember 2004 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	27.153	11.543	7.450	46.146
Samansafnaðar afskriftir	(2.324)	(7.308)	(4.722)	(14.354)
Bókfært verð í árslok	24.829	4.235	2.728	31.792

	2004	2003
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna skiptast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:		
Kostnaðarverð seldra vara	1.915	1.960
Sölu- og markaðskostnaður	318	215
Þróunarkostnaður	177	232
Stjórnunarkostnaður	201	238
	<u>2.611</u>	<u>2.645</u>

7. Óefnislegar eignir

	Viðskiptavild	Þróunar- kostnaður	Einkaleyfi	Hugbúnaður	Samtals
Árslok 2004					
Bókfært verð í ársbyrjun	3.515	499	170	0	4.184
Flutt af varanlegum rekstrarfjármunum	0	0	0	302	302
Leiðrétt bókfært verð í ársbyrjun	3.515	499	170	302	4.486
Gengismunur	3	0	0	0	3
Viðbætur á árinu	4.451	251	211	39	4.952
Afskriftir	(282)	(251)	(197)	(155)	(885)
Bókfært verð í árslok	7.687	499	184	186	8.556

	2004	2003
Afskriftir óefnislegra eigna skiptast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:		
Kostnaðarverð seldra vara	45	56
Sölu- og markaðskostnaður	319	245
Þróunarkostnaður	489	573
Stjórnunarkostnaður	32	42
	<u>885</u>	<u>916</u>

Þróunarkostnaður er einkum eigin kostnaður við þróun afurða sem líklegt er talið að muni skila tekjum í framtíðinni.

Skýringar

	2004	2003
8. Birgðir		
Hráefni og varahlutir	11.705	9.491
Vörur í vinnslu	3.980	2.815
Fullunnar vörur	6.584	4.387
	<u>22.269</u>	<u>16.693</u>

Birgðir að verðmæti EUR 5.934 (2003: EUR 5.550) eru veðsettar til tryggingar skuldum.

9. Vörur í framleiðslu samkvæmt pöntun

Vörur í framleiðslu samkvæmt pöntun	12.475	15.625
Innborganir á vörur í framleiðslu samkvæmt pöntun	(6.616)	(9.561)
	<u>5.859</u>	<u>6.064</u>

10. Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur

Skammtímakröfur og fyrirframgreiðslur:

Viðskiptakröfur	13.884	14.131
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(619)	(786)
Viðskiptakröfur, nettó	13.265	13.345
Framvirkir samningar	190	0
Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiðslur	2.389	1.423
	<u>15.844</u>	<u>14.768</u>

11. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir	6.523	5.911
Vaxtaskiptasamningar	252	0
Áfallinn kostnaður	1.541	456
Fyrirframinnheimtar tekjur	4.233	1.191
Aðrar skammtímaskuldir	6.901	6.751
	<u>19.450</u>	<u>14.309</u>

12. Lántökur

Langtíma:

Bankalán	21.529	21.590
Skuldabréf	8.776	7.737
Kaupleigusamningar	1.137	1.562
	<u>31.442</u>	<u>30.889</u>

Skammtíma:

Yfirdráttur á bankareikningum	3.117	3.261
Bankalán	3.428	5.063
Skuldabréf	0	390
Kaupleigusamningar	480	427
	<u>7.025</u>	<u>9.141</u>

Lántökur samtals	<u>38.467</u>	<u>40.030</u>
------------------------	---------------	---------------

Skýringar

Af lántökum eru EUR 35.485 (2003: EUR 21.777) veðskuldir (leigusamningar og bankalán). Bankalánin eru tryggð með veði í fasteignum, lóðum og birgðum. Kaupleigusamningar eru tryggðir að því leyti að eignir flytjast yfir til leigusala við vanefndir á samningi.

Skuldir eftir myntum:	Skuldir vegna kaupleigu	Aðrar lántökur	Samtals 2004	Samtals 2003
Kanadískir dollarar (CAD)	0	546	546	0
Svissneskir frankar (CHF)	0	2.486	2.486	8.976
Danskar krónur (DKK)	136	7.887	8.023	8.976
Evrur (EUR)	1.322	21.845	23.167	25.379
Japönsk jen (JPY)	0	618	618	1.137
Norskar krónur (NOK)	0	568	568	0
Bandarískir dollarar (USD)	63	2.746	2.809	4.348
Aðrar myntir	96	154	250	190
	<u>1.617</u>	<u>36.850</u>	<u>38.467</u>	<u>49.006</u>
Næsta árs afborganir	<u>(480)</u>	<u>(6.545)</u>	<u>(7.025)</u>	<u>(9.141)</u>
	<u>1.137</u>	<u>30.305</u>	<u>31.442</u>	<u>39.865</u>
Afborganir næstu ára af langtímaskuldum:				
Árið 2006 / 2005	478	6.588	7.066	2.769
Árið 2007 / 2006	438	2.339	2.777	5.463
Árið 2008 / 2007	220	2.173	2.393	2.402
Árið 2009 / 2008	1	2.050	2.051	2.208
Síðar	0	17.155	17.155	18.047
	<u>1.137</u>	<u>30.305</u>	<u>31.442</u>	<u>30.889</u>

13. Frestaður tekjuskattur

Frestaðir tekjuskattar eru reiknaðir á tímabundna mismuni samkvæmt skuldaaðferð.

	2004	2003
Breyting á frestaðum tekjuskatti greinist á eftirfarandi hátt:		
Staða í ársbyrjun	(309)	(634)
Gengismunur og aðrar breytingar	166	15
Tekjuskattur (Skýring 4)	2.024	1.110
Þar af tekjuskattur til greiðslu	(538)	(800)
Tekjuskattur færður yfir eigið fé	(42)	0
	<u>1.301</u>	<u>(309)</u>
Tekjuskattur færður yfir eigið fé greinist á eftirfarandi hátt:		
Gangvirðissjóður meðal eigin fjár		
– áhættuvarnir (Skýring 17)	42	0
	<u>42</u>	<u>0</u>

Skýringar

Frestaðar tekjuskattsinneignir og -skuldbindingar eru felldar saman ef lagalegur réttur er á að skuldajafna skattalegum eignum og skuldum og frestuðu skattarnir varða tekjuskatt sem lagður er á af sama álagningaraðila. Eftirfarandi fjárhæðir koma fram í efnahagsreikningi þegar eignir og skuldir hafa verið felldar saman:

	2004	2003
Frestuð tekjuskattsinneign	(1.020)	(1.035)
Frestaðar tekjuskattsskuldbindingar	2.321	726
	<u>1.301</u>	<u>(309)</u>
Frestaðar tekjuskattsskuldbindingar (-inneignir) greinast á eftirfarandi liði:		
Fastafjármunir	1.864	887
Áhættuvarnir meðal eigin fjár	(42)	0
Yfirfæranlegt tap	(1.406)	(1.430)
Aðrir liðir	885	234
	<u>1.301</u>	<u>(309)</u>

14. Aðrar skuldbindingar

Ábyrgðarskuldbinding:		
Staða í ársbyrjun	491	447
Breytingar færðar í gegnum rekstrarreikning	135	45
Gengismunur	0	(1)
	<u>626</u>	<u>491</u>

Aðrar skuldbindingar greinast þannig:

Skammtímaskuldbindingar	<u>626</u>	<u>491</u>
-------------------------------	------------	------------

15. Skuldbindingar

Skuldbindingar:

Í árslok hefur samstæðan tekið á sig skuldbindingar vegna bankalána og annarra lána í tengslum við hefðbundna starfsemi samstæðunnar. Einnig er samstæðan í ábyrgðum vegna viðskipta gagnvart þriðja aðila að fjárhæð EUR 1.010 (2003: EUR 1.996).

16. Samningar og vátryggingar

Rekstrarleigusamningar þar sem samstæðan er leigutaki

Samstæðan hefur gert nokkra rekstrarleigusamninga vegna varanlegra rekstrarfjármuna með eftirstöðvum að fjárhæð EUR 1,3 milljónir. Fjárhæðin verður gjaldfærð á leigutíma hvers samnings sem renna út á árunum 2005 - 2009.

Vátryggingar

Samstæðan hefur keypt rekstrarstöðvunartyggingar sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar í allt að 12 mánuði á grundvelli skilmála um eignatryggingar. Tryggingarfjárhæðin nemur allt að 48 milljónum evra. Vátryggingarverðmæti fasteigna samstæðunnar nemur 28,1 milljónum evra, framleiðsluvéla og -tækja ásamt hug- og skrifstofubúnaði 21,3 milljónum evra og vörubirgða 22,4 milljónum evra.

Skýringar

17. Varasjóðir

	Áhættu- varnir	Þýðingar- munur	Samtals
Staða í ársbyrjun	0	(1.196)	(1.196)
Sjóðstreymisvarnir:			
– Gangvirðishagnaður (-tap)	(62)		(62)
– Tekjuskattsáhrif	42		42
Þýðingarmunur vegna dótturfélaga		(234)	(234)
	<u>(20)</u>	<u>(1.430)</u>	<u>(1.450)</u>

2004 2003

18. Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta

Hagnaður ársins	6.615	3.749
Leiðréttingar:		
Skattar	2.102	1.160
Afskriftir	3.496	3.561
Tap (hagnaður) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna	8	(6)
Vaxtagjöld og gengismunur	1.339	1.223
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Birgðir og vörur í framleiðslu samkvæmt pöntunum	(4.476)	(2.881)
Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur	(441)	2.588
Viðskiptaskuldir	4.491	(2.234)
Aðrar skuldbindingar	18	(119)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	<u>13.152</u>	<u>7.041</u>
Í sjóðstreymi kemur sala varanlegra rekstrarfjármuna fram á eftirfarandi hátt:		
Bókfært verð	125	331
Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna	(8)	6
	<u>117</u>	<u>337</u>

19. Fjárfestingaverðbréf

Staða í ársbyrjun	753	753
Kaup á dótturfélagi	12	0
Seld bréf	(12)	0
	<u>753</u>	<u>753</u>
Fært meðal fastafjármuna	<u>753</u>	<u>753</u>

Fjárfestingaverðbréf eru verðbréf sem metin eru í árslok á gangvirði. Gangvirði tekur mið af sams konar eignum, núvirtu sjóðsflæði eða kostnaðarverði. Engin virðisrýrnun var færð í árslok árána 2004 og 2003 vegna fjárfestingaverðbréfa.

Fjárfestingaverðbréf eru flokkuð meðal fastafjármuna nema þau verði innleyst innan 12 mánaða frá lokum reikningsárs eða nauðsynlegt verði að selja þau innan þess tíma.

Skýringar

20. Fjárfesting í dótturfélagi

Þann 1. apríl 2004 keypti samstæðan 100% eignarhluta í Póls hf á Ísafirði. Áhrif Póls á tekjur tímabilsins apríl til desember 2004 voru EUR 1.795 og EUR 239 á hagnað sama tímabils. Í árslok keypti samstæðan rekstur GEBA í Þýskalandi. Kaupin á GEBA höfðu ekki áhrif á afkomu ársins 2004.

Hrein eign og viðskiptavild greinist á eftirfarandi hátt:

Kaupverð:	
– Greitt með handbæru fé.....	3.863
– Beinn kostnaður í tengslum við kaupin.....	60
– Gangvirði útgefina hlutabréfa.....	1.267
	<u>5.190</u>
Gangvirði keyptrar hreinnar eignar.....	<u>(739)</u>
Viðskiptavild (Skýring 7).....	<u>4.451</u>

Undir vissum kringumstæðum, ef ákveðin rekstrarleg markmið nást innan þriggja ára hjá Póls hf, getur viðbótarkaupverð numið allt að EUR 285. Vegna óvissu er ekki færð skuldbinding vegna þessa.

Gangvirði útgefina hlutabréfa er byggt á markaðsverði á yfirtökudegi.

Eignir og skuldir sem komu inn í samstæðuna við ofangreind kaup eru eftirfarandi:

Handbært fé.....	83
Varanlegir rekstrarfjármunir (Skýring 6).....	79
Fjárfestingaeignir (Skýring 19).....	12
Birgðir.....	1.213
Vörur í framleiðslu samkvæmt pöntun.....	50
Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur.....	227
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.....	(415)
Ógreiddir skattar.....	(3)
Lántökur.....	(507)
Gangvirði keyptrar hreinnar eignar.....	739
Viðskiptavild (Skýring 7).....	4.451
	<u>5.190</u>

Að frádregnu:

Útgefna hlutafé.....	(1.267)
Yfirteknu handbæru fé.....	(83)
Nýrri lántöku.....	(1.999)
Útstreymi handbærs fjár við kaup.....	<u>1.841</u>

Engin kaup á dótturfélögum áttu sér stað á árinu 2003

Skýringar

21. Viðskipti við tengda aðila

Stjórnendur skulduðu félaginu ekkert í árslok 2004 og 2003.

Starfskjör stjórnenda

	Laun og hlunnindi	Kaupréttir*	Sölu- réttir*	Eignarhlutur í árslok*
Forstjóri.....	297	12	14	17
Núverandi stjórnarformaður.....	0	0	0	2
Fyrrverandi stjórnarformaður.....	12	0	0	6
Núverandi stjórnarmenn.....	17	0	0	12
Fyrrverandi stjórnarmenn.....	6	0	0	0
Varamenn í stjórn.....	3	0	0	0
Sjö framkvæmdastjórnar.....	1.070	26	31	55
	<u>1.405</u>	<u>38</u>	<u>45</u>	<u>92</u>

*Hlutir eru á nafnverði í þúsundum evra.

Ofangreindir kaupréttir eru hluti af kaupréttarsamningum sem frá er sagt hér á eftir.

Ofangreindir söluréttir eru hluti af kaupum nokkurra starfsmanna félagsins á hlutabréfum samtals að nafnverði ISK 5,2 milljónir á genginu 20. Samhliða viðskiptunum veitti Marel hf kaupendum sölurétt að keyptum bréfum sem verja þá fyrir mögulegu tapi af viðskiptunum.

Stjórnendur

Á árinu 2003 keyptu 12 stjórnendur 5,2 milljónir hluta á genginu 20 sem var markaðsverð á þeim tíma. Samhliða viðskiptunum veitti Marel hf kaupendum sölurétt að keyptum bréfum sem verja þá fyrir mögulegu tapi af viðskiptunum.

22. Kaupréttarsamningar

Í ársbyrjun 2001 gekk móðurfélagið frá kaupréttarsamningum við starfsmenn sína. Kaupverðið samkvæmt samningunum var ISK 42 pr. hlut sem samsvaraði markaðsverði á þeim tíma. Kaupréttir eru valkvæðir en ávinnast eftir ákveðinn starfstíma, fyrst einu ári og þremur mánuðum eftir að kaupréttur er veittur. Kaupréttir eru nýtanlegir á árunum 2002-2007.

Hreyfingar á fjölda útistandandi hluta og vegins meðalverðs vegna kaupréttarsamninga greinist á eftirfarandi hátt:

	Meðalverð í ISK pr. hlut	Kaupréttir (þúsundir)
Í ársbyrjun	42	7.990
Veittir kaupréttir		0
Fyrirgerðir kaupréttir	42	(260)
Nýttir kaupréttir	42	(634)
Í árslok	42	<u>7.096</u>

Af þeim 7.096 þúsund útistandandi kaupréttum, eru 5.322 þúsund kaupréttir innleysanlegir í árslok 2004. Útistandandi kauprétti er hægt að flytja milli ára en þeir renna út í árslok 2007.

Skýringar

23. Dótturfélög

Marel Australia Pty Ltd	Ástralía
Marel Chile	Chile
Marel Equipment Inc	Kanada
Marel Scandinavia A/S	Danmörk
Marel UK Ltd	Bretland
Marel USA Inc	Bandaríkin
Marel TVM GmbH & Co KG	Þýskaland
Marel Deutschland GmbH	Þýskaland
Marel Management GmbH	Þýskaland
Póls hf	Ísland
Carnitech A/S	Danmörk

Öll dótturfélögin eru að fullu í eigu móðurfélagsins. Á árinu 2004 var Marel Chile stofnað og Póls hf var keypt. Jafnframt var Marel France lagt niður.

24. Þóknun til endurskoðenda

	2004	2003
Endurskoðun ársreikninga	204	162
Könnun árshlutareikninga	52	40
Önnur þjónusta	67	66
	<u>323</u>	<u>268</u>

Fjárhæðirnar innifela greiðslur til ytri endurskoðenda allra félaga í samstæðunni.

Marel samstæðan

Marel hf
Gardabaer, Iceland
Tel: +354 563 8000
info@marel.com

Marel Australia PTY LTD
Morningside QLD, Australia
Tel: +61 (0)7 3395 8044
info@marel.com

Marel Canada
Dartmouth, NS, Canada
Tel: +1 902 468 5181
info@marel.ca

Marel Chile S.A.
Puerto Montt, Chile
Tel: +56 65 341818
info@marel.com

Marel Deutschland
Osnabrück, Germany
Tel: +49 (0)541 500 97 0
info@marel.com

Marel Russia
Moscow, Russia
Tel: +7 (095) 956 5491
info@marel.com

Marel Scandinavia
Støvring, Denmark
Tel: +45 99 86 41 00
info@marel.dk

Marel Spain
Vilagarcía de Arousa
Tel: +34 609 67 57 36
diego@marel.com

Marel TVM
Bruckmühl/Heufeld, Ger.
Tel: +49 8061 3877 0
info@mareltvm.de

Marel UK
Bromsgrove, England
Tel: +44 1527 880225
info@marel.com

Marel USA Inc.
Lenexa, KS, USA
Tel: +1 913 888 9110
info@marelusa.com

Arbor Technologies
Landevant, France
Tel: +33 297 56 96 96
gilles.nignon@arbor-marel.fr

Carnitech A/S
Støvring, Denmark
Tel: +45 99 86 40 00
ct@carnitech.dk

CP Food Machinery
Hjørring, Denmark
Tel: +45 98 92 15 11
cpfood@cpfoodmachinery.com

